



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ



STJÓRNARRÁÐSREITUR

HUGMYNDASAMKEPPNI UM SKIPULAG

SAMKEPPNISLÝSING

ÚTBOÐ NR. 20683

Mars 2018



Verkkaupi:

Forsætisráðuneytið

Umsjónaraðili:

Framkvæmdasýsla ríkisins

Samstarfsaðili:

Arkitektafélag Íslands

Efnisyfirlit

1	Almenn atriði	2
1.1	Ávarp forsætisráðherra	2
1.2	Verkkaupi	3
1.3	Yfirlit yfir verkefnið	3
1.4	Samkeppnisform	3
1.5	Lykildagsetningar	3
1.6	Áherslur dómnefndar	3
1.7	Verðlaun	4
1.8	Tungumál samkeppninnar	4
1.9	Höfundarréttur tillagna	4
1.10	Varðveisla tillagna	4
2	Tilhögun samkeppninnar	4
2.1	Þátttökuréttur	4
2.2	Afhending samkeppnisgagna	5
2.3	Ítargögn	5
2.4	Dómnefnd og ritari dómnefndar	5
2.5	Trúnaðar og umsjónarmaður	6
2.6	Samkeppnisgögn	6
2.7	Vettvangsskoðun	6
2.8	Fyrirspurnir	6
2.9	Samkeppnistillögur – innihald og skil	7
2.10	Merking, afhending og skilafrestur	8
2.11	Niðurstaða samkeppninnar	8
2.12	Sýning	9
2.13	Rýnifundur	9
3	Lýsing verkefnis	9
3.1	Forsendur	9
3.2	Meginmarkmið	9
3.3	Keppnissvæðið	10
3.4	Skipulagsreitur, náttúru- og veðurfar	12
3.5	Öryggismál og umferð	12
3.6	Almenn starfsemislýsing	13
3.7	Byggingamagn	13
3.7.1	Brúttóstærðir, yfirlit heildarbyggingamagns	14
4	Verk í kjölfar samkeppni	14
5	Samþykki keppnislýsingar	15
6	Umsögn Arkitektafélags Íslands	17

1 Almenn atriði

1.1 Ávarp forsætisráðherra

Samþykkt ályktunar Alþingis í október 2016 um að fela ríkisstjórninni að efna til samkeppni um skipulag Stjórnarráðsreits og hönnun og útlit Stjórnarráðsbygginga var löngu tímabær þar sem ekki hefur legið fyrir uppbyggingaráætlun fyrir þetta svæði. Mikilvægt er að mörkuð verði stefna og áætlun um lagfæringar húsa sem þar eru fyrir og byggingu nýrra til framtíðar litið. Þá er mikilvægt að tryggja ráðuneytum húsnæði sem stenst kröfur samtímans.

Þingsályktunin var samþykkt í tilefni aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands árið 2018 og er það vel við hæfi þar sem Stjórnarráðsreiturinn er afar mikilvægur byggingarreitur í hjarta höfuðborgarinnar.

Með samkeppni um skipulag Stjórnarráðsreitsins verða lögð drög að stefnu til framtíðar um fyrirkomulag á reitnum, húsnæði ráðuneyta og stofnana þar sem áhersla verður lögð á vistvæna uppbyggingu sem býður upp á sveigjanlegar útfærslur á annarri þeirri starfsemi sem ákveðið verður að hafa á reitnum. Ég legg ríka áherslu á að hugað verði að umhverfisvænum samgöngum og vistvænum byggingum í þessari skipulagssamkeppni og að þátttakendur leiti framsýnna lausna í því efni. Ef vel tekst til munu þær lausnir geta haft áhrif langt út fyrir Stjórnarráðsreitinn.

Ég hlakka til að sjá þetta mikilvæga verkefni verða að veruleika og er þess fullviss að við eigum eftir að fá margar spennandi tillögur í þessa samkeppni.

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

1.2 Verkkaupi

Forsætisráðuneytið er verkkaupi þessa verkefnis og býður í samráði við fjármála- og efnahagsráðuneytið til opinnar hugmyndasamkeppni um skipulag Stjórnarráðsreits. Framkvæmdasýsla ríkisins er umsjónaraðili samkeppninnar f.h. verkkaupa.

1.3 Yfirlit yfir verkefnið

Um er að ræða opna hugmyndasamkeppni um skipulag Stjórnarráðsreits, sjá teikningu í grein 3.3 *Keppnissvæðið*. Á reitnum eru núverandi byggingar um 28.500 m² að stærð og skv. gildandi deiliskipulagi má gera ráð fyrir að heimilt sé að bæta við 24.000 m² af nýbyggingum.

Gert er ráð fyrir þrískiptri starfsemi á reitnum. Þ.e.a.s. ráðuneytum, stofnunum ríkisins og dómstólum.

Samhliða þessu verkefni efnir forsætisráðuneytið til samkeppni um viðbyggingu við gamla Stjórnarráðshúsið í Lækjargötu. Gert er ráð fyrir að forsætisráðuneytið verði þar áfram.

1.4 Samkeppnisform

Samkeppnin fer fram í samræmi við samkeppnislýsingu þessa og byggist á leiðbeiningum fjármálaráðuneytisins: *Leiðbeiningar um hönnunarsamkeppni, 20.12.2011*. Um samkeppni þessa gilda lög nr. 84/2007 um opinber innkaup.

Um er að ræða hugmyndasamkeppni um skipulag stjórnarráðsreitsins og er hún opin öllum samanber kafla 2.1 *Þátttökuréttur*. Gert er ráð fyrir að þróa deiliskipulagið í samráði við verðlaunahafa, sjá nánar gr. 4 *Verk í kjölfar samkeppni*.

Samkeppnin er unnin í samstarfi við Arkitektafélag Íslands.

1.5 Lykildagsetningar

Samkeppnisgögn afhent	13.03.2018 (sjá nánar kafla 2.2)
Skilafrestur fyrirspurna nr. 1	06.04.2018 (sjá nánar kafla 2.8)
Svör við fyrirspurnum nr. 1	12.04.2018 (sjá nánar kafla 2.8)
Skilafrestur fyrirspurna nr. 2	16.08.2018 (sjá nánar kafla 2.8)
Svör við fyrirspurnum nr. 2	23.08.2018 (sjá nánar kafla 2.8)
Skilafrestur tillagna – fyrir kl. 15.00	18.09.2018 (sjá nánar kafla 2.10)
Niðurstaða dómnefndar	23.11.2018 (sjá nánar kafla 2.11)

Hugmyndasamkeppni þessi var auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu 07.03.2018.

1.6 Áherslur dómnefndar

Dómnefnd metur tillögur sem berast í samkeppnina með hliðsjón af fyrirliggjandi samkeppnislýsingu og gögnum sem þar er vísað til. Lögð er áhersla á að tillögur höfunda uppfylli markmið samkeppninnar.

Áhersla er lögð á:

- **Heildarlausn** sem gefur svigrúm fyrir ráðuneyti, stofnanir og dómstóla á reitnum og möguleika á áfangaskiptri uppbyggingu.
- **Vandað** skipulag sem styrkir reitinn og samspil hans við miðbæ Reykjavíkur. Yfirbragð, hæðir og form bygginga falli vel að byggð og nærumhverfi.
- **Vistvænar lausnir** og uppbyggingu nýrra mannvirkja sem og í samgöngum.
- **Sannfærandi** staðarval og tengsl ráðuneyta, stofnana og annarra bygginga á reitnum.

- **Aðlaðandi rými** með góðum birtuskilyrðum, útsýni og skjólgóðum og sólríkum dvalarsvæðum sem stuðli að ríku mannlífi á reitnum.

1.7 Verðlaun

Veitt verða verðlaun að heildarfjárhæð allt að 12 m.kr. án vsk. Veitt verða þrenn verðlaun, 1., 2., og 3. verðlaun. Þar af verða 1. verðlaun að lágmarki helmingur af heildarfjárhæðinni 6 m.kr. án vsk., 2. verðlaun að lágmarki 2,5 m.kr. án vsk og 3. verðlaun að lágmarki 1,5 m.kr. án vsk.

Auk þess hefur dómnefnd umboð til að veita tillögum viðurkenningar fyrir allt að 1,5 m.kr. án vsk. Dómnefnd getur einnig veitt viðurkenningar án peningaverðlauna.

Komi í ljós eftir að nafnleynd hefur verið rofin að keppandi í verðlaunasæti hafi ekki átt rétt til þátttöku í samkeppninni, m.a. þar sem hann hafi ekki uppfyllt skilyrði til þátttöku samkvæmt *grein 2.1 Þátttökuréttur* eða ekki vakið athygli á tengslum við dómnefndarmann skal verkefnisstjóri svipta hlutaðeigandi verðlaunum/viðurkenningum. Skulu þá næstu keppendur færðir upp um sæti. Áður en til sviptingar verðlauna kemur skal verkefnisstjóri gefa viðkomandi keppanda kost á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Verkkaupi hyggst nýta sér niðurstöðu samkeppninnar, sjá kafla 4 *Verk í kjölfar samkeppni*.

1.8 Tungumál samkeppninnar

Tungumál þessarar samkeppni er íslenska og sama á við um verkefnið sjálft eftir samkeppnina. Öll gögn keppenda svo sem fyrirspurnir, greinargerðir og útskýringar á teikningum við skil tillögu, skulu vera á íslensku. Svör við fyrirspurnum verða á íslensku.

1.9 Höfundarréttur tillagna

Varðandi höfundarrétt tillagna vísast í *Leiðbeiningar um hönnunarsamkeppni*, kafla 3.3.4 *Höfundarréttur tillagna*.

1.10 Varðveisla tillagna

Öllum samkeppnistillögum verður skilað til Arkitektafélags Íslands (AÍ) að samkeppni lokinni. AÍ hefur umsjón með því að koma þeim til Hönnunarsafns Íslands sem annast varðveislu þeirra í samræmi við samning þess og AÍ.

2 Tilhögun samkeppninnar

2.1 Þátttökuréttur

Þátttaka í samkeppninni er öllum heimil að undanskildum eftirfarandi aðilum:

- Þeim sem reka ráðgjafabjónustu eða aðra atvinnustarfsemi með aðila í dómnefnd.
- Dómnefndarmönnum sem tengdir eru aðila, sbr. 3. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.
- Þeim sem vinna með aðila í dómnefnd, svo sem í samstarfshópi fleiri ráðgjafa, sem vinna sameiginlega fyrir einn og sama aðilann í öðru verkefni.
- Þeim sem hafa á síðustu 12 mánuðum, frá því að samkeppni var auglýst, unnið að verkefni með aðila í dómnefnd, eins og lýst er í staflið c.

Þá hafa þeir sem tóku þátt í undirbúningi samkeppninnar eða hafa komið að undirbúningi verkefnisins á fyrri stigum ekki þátttökurétt.

Þar sem nafnleynd er viðhöfð í samkeppninni bera þátttakendur sjálfir ábyrgð á að gæta að því að ekki séu þau tengsl við dómnefnd er áhrif geta haft á þátttökurétt viðkomandi þátttakanda og þar með hæfi áður nefndra aðila. Í því felst meðal annars að þátttakendur bera sjálfir ábyrgð á því að ekki séu þau tengsl til staðar sem kveðið er á um í þessari grein. Þátttakandi sem telur að fyrir hendi séu þau tengsl sem kveðið er á um skal tilkynna trúnaðar- og umsjónarmanni samkeppninnar um það skriflega. Verkefnisstjóri samkeppninnar skal taka ákvörðun um það

innan 10 daga hvort viðkomandi dómnefndarmaður víki sæti eða aðrar viðeigandi ráðstafanir verði gerðar.

2.2 Afhending samkeppnisgagna

Samkeppnislýsing þessi verður birt á vefsíðu Ríkiskaupa: <http://rikiskaup.is>, útboðsnúmer 20683 frá og með þeim tíma sem fram kemur í kafla 1.5 Lykildagsetningar.

Samkeppnislýsingin er öllum opin en til þess að fá ítgögn þurfa keppendur að skrá sig til þátttöku á vefsíðu Ríkiskaupa: <http://rikiskaup.is>, útboðsnúmer 20683.

Þegar þátttakandi hefur skráð sig á vef Ríkiskaupa fær viðkomandi senda staðfestingu í tölvupósti. Í kjölfarið getur þátttakandi hlaðið niður ítgögnum af vefnum. Ítgögn verður einnig hægt að nálgast, gegn framvísun staðfestingar á þátttöku og 3500 kr. greiðslu, á skrifstofu Ríkiskaupa Borgartúni 7C, 105 Reykjavík. Skrifstofan er opin virka daga frá kl. 8:00 - 15:00.

Tengil inn á gögnin má einnig finna á vef Arkitektafélags Íslands, <http://ai.is>, og á vef Framkvæmdasýslu ríkisins, <http://fsr.is>.

2.3 Ítgögn

Tilgreind í kafla 2.6 Samkeppnisgögn.

2.4 Dómnefnd og ritari dómnefndar

Dómnefnd er skipuð sjö fulltrúum.

Verkkaupi hefur skipað eftirtalda aðila í dómnefnd:

Tilnefndir af verkkaupa

1. Stefán Thors, formaður dómnefndar (forsætisráðuneyti)
2. Óðinn H. Jónsson skrifstofustjóri, (forsætisráðuneyti)
3. Ágústa Sveinbjörnsdóttir, arkitekt (Reykjavíkurborg, f.h. verkkaupa)
4. Halldóra Vífilsdóttir, arkitekt FAÍ (f.h. fjármála og efnahagsráðuneytis)

Tilnefndir af Arkitektafélagi Íslands:

5. Hildigunnur Haraldsdóttir, arkitekt FAÍ
6. Þórarinn Malmquist, arkitekt FAÍ

Tilnefndur af Félagi íslenskra landslagsarkitekta:

7. Hermann Georg Gunnlaugsson, landslagsarkitekt FÍLA

Ritari dómnefndar er: Örn Baldursson, verkefnastjóri/arkitekt FAÍ, Framkvæmdasýsla ríkisins.

Dómnefnd hefur rétt til að kalla til ráðgjafa til aðstoðar við dómnefndarstörf.

Dómnefnd er heimilt, í samráði við verkkaupa að kalla til sérfræðinga sér til ráðuneytis, t.d. á sviði umferðarmála og kostnaðarmats. Sérfræðingar dómnefndar mega hvorki eiga þátt í neinni tillögu, né hafa hagsmunatengsl við neinn tillöguhöfunda. Viðfangsefni sérfræðinga er eingöngu á þeirra sérsviði og koma þeir ekki að annarri umfjöllun dómnefndar og dæma ekki tillögurnar. Sérfræðingur er kallaður til í samráði við trúnaðar- og umsjónarmann. Sjá einnig grein 3.2.4 *Dómnefndarstörf* í ritinu *Leiðbeiningum um hönnunarsamkeppni*.

Sérstakir ráðgjafar dómnefndar eru:

Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins
Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri fjármála- og efnahagsráðuneytisins
Guðrún Ragnarsdóttir, ráðgjafi

2.5 Trúnaðar og umsjónarmaður

Trúnaðar- og umsjónarmaður samkeppninnar er:

Gísli Þór Gíslason
Ríkiskaupum
Borgartúni 7c
105 Reykjavík
Sími: 530 1424
Netfang: gisli20683@rikiskaup.is

Aðstoðarmaður trúnaðarmanns er: Haraldur Helgason, arkitekt FAÍ

Verkefnisstjóri samkeppnisferilsins á vegum Framkvæmdasýslu ríkisins er:

Örn Baldursson, verkefnastjóri/arkitekt FAÍ.

2.6 Samkeppnisgögn

Eftirtalin eru samkeppnisgögn þessarar samkeppni. Ítargögn eru öll önnur gögn en samkeppnislýsing:

- Samkeppnislýsing.

Ítargögn, sem aðgengileg verða á vefsíðu Ríkiskaupa, <http://rikiskaup.is> eru:

- Aðalskipulag Reykjavíkur, 2010-2030 (fylgiskjal A)
- Gildandi deiliskipulag fyrir Stjórnarráðsreit, greinargerð, skýringaruppdrættir og núverandi ástand (fylgiskjal B)
- Samkeppnisreitur – Afmörkun (fylgiskjal C)
- Byggingasaga (húsa á Stjórnarráðsreit), skýrsla Árbæjarsafns nr. 72 (fylgiskjal D)
- Loftmynd (fylgiskjal E)
- Upplýsingar um veðurfar (fylgiskjal F)
- Flugmyndbönd A og B yfir reit (fylgiskjal G)
- Umsagnarskyld hús og önnur með friðunarákvæði á reitnum (fylgiskjal H)
- Kortagrunnar (fylgiskjal I). Grunnkort á dwg- og dgn-formi. Kjósi keppendur önnur skráarform skal hann hafa samband við umsjónar- og trúnaðarmann vegna þessa.
- Þrívíddargrunnur á IFC- og DWG-formi ásamt yfirlitsmyndum af keppnissvæði (fylgiskjal J)
- Stærðir húsa á reit, tillögur og sviðsmyndir (fylgiskjal K)
- Byggingamagn ráðuneyta (fylgiskjal L)
- Ljósmyndir frá svæðinu er að finna á www.ja.is og Google earth
- Leiðbeiningarit um kaup á ráðgjöf (fylgiskjal M):
<http://www.fsr.is/media/frettir/leidbeininarritumkauparadgjof.pdf>
- Leiðbeiningar um hönnunarsamkeppni, 20.12.2011 (fylgiskjal N):
<http://www.fsr.is/media/utgefid-efni/Leiðbeiningar-um-honnunarsamkeppnir.pdf>
- Ritið Menningarstefna í mannvirkja gerð, Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist (fylgiskjal O):
<http://www.fsr.is/media/utgefid-efni/Menningarstefna-i-mannvirkjagerd-Ny-utgafa-2014.pdf>
- Rit Framkvæmdasýslu ríkisins um vistvænar byggingar (fylgiskjal P):
<http://www.fsr.is/media/frettir/Vistvaenarbyggingar-baeklingur.pdf>

2.7 Vettvangsskoðun

Ekki er boðið til vettvangsskoðunar í þessari samkeppni. Keppendur eru hvattir til að skoða svæðið (opið svæði og aðgengilegt öllum).

2.8 Fyrirspurnir

Fyrirspurnir skal senda með tölvupósti beint til trúnaðar- og umsjónarmanns á netfangið

gisli20683@rikiskaup.is

sem flokkar fyrirspurnirnar og tekur af öll auðkenni. Hann beinir fyrirspurnum sem varða kafla 2 til dómnefndar en svarar öðrum í samráði við verkefnisstjóra samkeppninnar.

Um er að ræða tvo formlega fyrirspurnatíma, sjá tímasetningar í kafla 1.5 Lykildagsetningar samkeppninnar. Öll svör og tilkynningar eru sett á vef Ríkiskaupa. **Keppendur eru hvattir til að fylgjast reglulega með vefnum.**

Þátttakendum er sérstaklega bent á að nýta sér fyrri fyrirspurnatímamann.

Vakin er athygli á að upplýsingar, fyrirspurnir og svör við þeim verða **eingöngu** birt á vef Ríkiskaupa <http://rikiskaup.is>, **útboðsnúmer** 20683.

Svör verða **ekki** send í tölvupósti til keppenda.

Sjá einnig kafla 3.2.2 *Fyrirspurnir* í ritinu *Leiðbeiningar um hönnunarsamkeppni*.

2.9 Samkeppnistillögur – innihald og skil

Keppendur skulu skila útprentuðum gögnum og gögnum á minnislyklum til trúnaðar- og umsjónarmanns hjá Ríkiskaupum.

Skila skal eftirtöldum gögnum á **2 (tveimur)** minnislyklum og skulu þau vera á pdf-formi. Mikilvægt er að afmá öll auðkenni um höfunda á minnislyklunum:

TEIKNINGAR:

- Yfirlitsuppdráttur (með norðurpílu) í mkv. 1:2000 sem sýnir svæðið og tengsl við nágrenni.
- Skipulagsuppdráttur (með norðurpílu) í mkv. 1:500 sem sýni afstöðu reitsins og umferðarskipulag.
- Skurðmyndir og götummyndir að vali höfunda í mkv. 1:500.
- Fjarvíddar og rúmteikningar (þrívíddarmyndir), og/eða ljósmyndir að vali höfunda.
- Skýringarmyndir að vali höfunda.

Tillöguarkir (teikningar) skulu vera í stærð A1 (594x841 mm) prentaðar á ógegnsæjan pappír og upplímdar á hörð spjöld. Allur texti skal ritaður á vélrænan hátt.

Tillöguarkir skulu ekki vera fleiri en 4.

Tillöguarkir skulu vera í A1-stærð og raðast lóðréttar hlið við hlið.

Keppendur skulu gera grein fyrir upphengingu tillöguarka í hægra horni að neðan.

Tillöguarkir skulu einnig vera á pdf-formi á minnislyklum.

Önnur gögn, sem **ekki** er beðið um í keppnislýsingu, verða ekki lögð fyrir dómnefnd. Tillöguarkir í ramma eða gleri verða **ekki** lagðar fyrir dómnefnd.

GREINARGERÐ:

Í greinargerð með tillögu, að hámarki 1200 orð, skal koma fram:

- Megininntak tillögunnar, helstu forsendur, markmið og áherslur tillöguhöfunda.
- Lýsing á skipulagi og helstu stærðum. Gera skal grein fyrir þeim atriðum sem dómnefnd leggur áherslu á samanber kafla 1.6 *Áherslur dómnefndar* og 3.2 *Meginmarkmið* auk annarra atriða sem keppendur vilja skýra frá.
- Samantekt byggingamagns og dreifing þess.
- Greinargerð skal birta í heild sinni á tillöguörkum, A1.

Skila skal einu eintaki af greinargerð í A4 ásamt eintaki á pdf-formi á minnislykli.

NAFNAMÍÐI:

Skila skal nafnamiða með tillögu, sjá nánar umfjöllun í grein 2.10 *Merking, afhending og skilafrestur*.

2.10 Merking, afhending og skilafrestur

MERKING GAGNA:

Gögn skal **merkja** sem hér segir:

- Auðkenna skal öll tillögugögn með fimm stafa tölu, að vali tillöguhöfundar.
 - Í 2x5 sm stóran reit í hægra horni að neðan hvernar tillöguarkar.
 - Í haus greinargerðar eða neðanmáls.
 - Á minnislyklum.
 - Á umslag með nafnmiða.
- Ógagnsætt umslag, merkt orðinu „Nafnmiði“ skal fylgja tillögunni. Í umslaginu skulu vera nöfn, heimilisföng og símanúmer tillöguhöfunda.
- Allar umbúðir skal merkja með auðkennitölunni.
- Þess skal gætt sérstaklega að ekki komi fram neinar upplýsingar um tillöguhöfund á gögnum sem eru á minnislyklum.

AFHENDING GAGNA:

Gögn skal **afhenda** sem hér segir:

- Tillöguörkum skal skilað innpökkuðum í ógegnsæjar umbúðir og skulu ekki önnur gögn vera í þeim umbúðum.
- Greinargerð í einu eintaki ásamt minnislykli skal skilað í ógegnsæjum umbúðum.
- Nafnmiða skal skila í sérstöku umslagi.

SKILAFRESTUR TILLAGNA:

Tillögum skal **skila** sem hér segir:

- Skila skal tillögum til trúnaðar- og umsjónarmanns hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7C, Reykjavík í síðasta lagi á þeim tíma og þeim degi sem fram kemur í kafla 1.5 *Lykildagsetningar*. Við afhendingu tillagna fær keppandi kvittun merkta auðkennistölunni. Þeir sem óska eftir að skila tillögum fyrir þann tíma skulu hafa samráð við trúnaðar- og umsjónarmann.
- Þeim keppendum, sem ekki geta afhent tillögu á þeim stað og tíma sem sett er fram í kafla 1.5 *Lykildagsetningar*, er heimilt að koma tillögum sínum í póst eða flugafgreiðslu fyrir lok skilafrestsins. Keppandi skal í framhaldi af því og fyrir lok skilafrests senda vottorð um afhendingu gagnanna, frá hlutaðeigandi afgreiðslumanni, til trúnaðar- og umsjónarmanns í tölvupósti, símskeyti eða símbréfi eða með öðrum sannanlegum hætti. Mælt er með að keppandi kanni hvort vottorð hafi borist trúnaðarmanni.
 - Í vottorðinu skal koma fram auðkennistala tillögunnar.
 - Póstsendar tillögur skal merkja trúnaðar- og umsjónarmanni samkeppninnar. Tillögum sem sendar eru inn með framangreindum hætti verður ekki veitt viðtaka lengur en sjö dögum eftir að skilafresti lýkur. Vakin er athygli á að póstsending getur tekið lengri tíma en sjö daga.

Ófrávíkjanlegt skilyrði þess að tillögu sé veitt viðtaka og hún dæmd er að henni sé skilað á réttum tíma samkvæmt framangreindu og að nafnleyndar sé gætt.

2.11 Niðurstaða samkeppninnar

Áætlað er að dómnefnd ljúki störfum á þeim tíma sem um er getið í kafla 1.5 *Lykildagsetningar*.

Gert er ráð fyrir að verðlaunaafhending fari fram föstudaginn 30. nóvember 2018 í Safnahúsinu við Hverfisgötu.

Með rof nafnleyndar verður farið í samræmi við grein 3.2.5 í *Leiðbeiningum um hönnunarsamkeppni*.

Ákvæði um dómnefndarálit er að finna í grein 3.2.6 í *Leiðbeiningum um hönnunarsamkeppni*.

Verkkaupi gefur út dómnefndarálit á prentuðu formi.

2.12 Sýning

Eftir að úrslit liggja fyrir verður haldin sýning á þeim tillögum sem bárust, í samræmi við grein 3.3.3 í *Leiðbeiningum um hönnunarsamkeppni*.

Sýningin verður haldin í Safnahúsinu við Hverfisgötu á tímabilinu 1.-31. desember 2018.

2.13 Rýnifundur

Í samræmi við grein 3.3.2 í *Leiðbeiningum um hönnunarsamkeppni* verður haldinn rýnifundur innan eins mánaðar frá verðlaunaafhendingu. Stefnt er að því að hann verði haldinn í Safnahúsinu við Hverfisgötu þriðjudaginn 4. desember kl. 17.00.

3 Lýsing verkefnis

3.1 Forsendur

Gert er ráð fyrir þrískiptri starfsemi á reitnum:

- Ráðuneytum samtengdum á reitnum*
- Stofnanunum ríkisins (sem eiga samlegð með ráðuneytum)
- Dómstólaum (t.d. Landsréttur og e.t.v. Héraðsdómur Reykjavíkur)

* Að forsætisráðuneytinu undanskildu.

- Horft til framtíðar.
Nýjum lögum um opinber fjármál er ætlað að tryggja heildstæða stefnumörkun í opinberum fjármálum, vandaða undirbúning áætlana og hagkvæma opinbera starfsemi.
Lögin kalla á langtímahugsun í áætlunargerð og er kortlagning á þörfum ráðuneyta og stofnana mikilvæg til að nýta fjármuni ríkisins á markvissan hátt.
- Tryggt húsnæði
Með uppbyggingu ríkisins á Stjórnarráðsreit er hægt að tryggja að ráðuneytin og stofnanir ríkisins verði í hentugu húsnæði í eigu ríkisins.
- Hagræðing
Í sambyggðu eða sameiginlegu húsnæði skapast auknir möguleikar á samrekstri ráðuneyta. Hægt er að hugsa sér samnýtingu á stoð-, tækni- og sérfræðipjónustu og samnýtingu rýma með sameiginlegum fundarherbergjum, matsal og stoðrymum og að öll miðlæg stoðþjónusta verði samþætt þannig að starfsmönnum Stjórnarráðsins bjóðist sama þjónusta óháð staðsetningu. Það sama eigi einnig við um stofnanir sem verða á reitnum. Heildarstærð nýs húsnæðis ráðuneytanna miðast við gildandi viðmið fjármála- og efnahagsráðuneytisins um m²-notkun skrifstofu- og sértæks húsnæðis, 20 m²/starfsmann. Til lengri tíma lítið er ljóst að heildarstærð húsnæðis ráðuneyta mun minnka umtalsvert. Gert er ráð fyrir að núverandi húsnæði ríkisins á Stjórnarráðsreit verði nýtt fyrir stofnanir ríkisins og e.t.v. dómstóla.

3.2 Meginmarkmið

Stjórnarráðið vill skapa áhugaverðan og framsækinn vinnustað til framtíðar. Breyting á eðli verkefna kallar á nýja nálgun bæði hvað varðar vinnulag og vinnuumhverfi.


Meginmarkmið:

- Heildarlausn
Áhersla er lögð á raunhæfar og spennandi tillögur um heildarlausn á skipulagi á reitnum þannig að byggja megi upp á heildstæðan hátt framtíðarhúsnæði ráðuneyta, stofnana ríkisins og dómstóla m.a. með hagræðingu í huga.

- Vandað skipulag
Á reitnum verði aðlaðandi borgarumhverfi sem endurspegli góða stjórnsýslu. Huga þarf að tengingu við umhverfisvænar samgöngur og mannlíf miðborgarinnar með aðgengilegum útisvæðum og þjónustu svo sem veitingastöðum. Svæðið hafi jákvæða ímynd með góðu nærumhverfi fyrir almenning, starfsfólk og þá sem nýta sér þjónustu á reitnum.
- Vistvænar lausnir
Framtíðarlausnir í borgarumhverfi byggjast á því að nýta náttúruna til að efla vistfræðilegar lausnir í skipulagsgerð, hönnun og uppbyggingu í þéttbýli. Mannvirki á Stjórnarráðsreit eiga að vera í fararbroddi hvað varðar borgarvistfræði. Jafnframt hafa íslensk stjórnvöld þá stefnu að Ísland verði orðið kolefnishlutlaust samfélag ekki seinna en árið 2040. Keppendur eru hvattir til þess að íhuga áhrif uppbyggingar á samkeppnissvæðinu á vistkerfið og koma með lausnir í anda borgarvistfræði og blágrænna ofanvatnslausna í tillögum sínum.
- Skapandi vinnuumhverfi
Stjórnarráðið verði samhentur vinnustaður þar sem fólk hittist í sameiginlegu mótuneyti, fundarrýmum og fyrirlestrarsölum. Umhverfið bjóði upp á sveigjanleika í rýmum til að auðvelda tilfærslur og flutning verkefna á milli ráðuneyta og stuðli að samvinnu og samrekstri. Rými verði til að vinna að tímabundnum verkefnum fyrir teymi, vinnuhópa eða nefndir þvert á ráðuneyti og jafnvel með utanaðkomandi aðilum. Slíkt umhverfi ætti að hvetja til nýsköpunar og umbóta. Sama á við um aðrar stofnanir á reitnum.


3.3 Keppnissvæðið

Keppnissvæðið afmarkast af Ingólfsstræti, Skúlagötu, Klapparstíg og Lindargötu, sjá mynd.



Keppnissvæðið, reitir A, B og C

Keppendur geta kynnt sér svæðið úr lofti með því að skoða yfirflugsmyndir á myndböndum A og B, sjá fylgiskjal G.



Yfirflugsmyndbönd, ferlar A og B

Yfirlit um notkun bygginga á lóð og notendur má finna í fylgiskjali K *Stærðir húsa á reit*.

Byggingamagn ráðuneyta má sjá í fylgiskjali L *Byggingamagn ráðuneyta*.

Tillögur keppenda verða að taka tillit til nærliggjandi og tiltekinna bygginga á reitnum sem skilgreindar eru í samkeppnisgögnum (umsagnarskyldar og friðaðar byggingar auðkenndar), sjá fylgiskjal H.

Á reitnum eru einnig önnur hús með byggingarsögulegt og listrænt gildi, m.a. Arnarhvoll (Lindargata 1), Skuggasund 1 (áður Lindargata 9) og Sölvhólsgrata 13 (Landsmiðjan. Í skoðun hjá borgaryfirvöldum að vernda húsið).

Vakin er athygli keppenda á að kynna sér ritið *Byggingasaga (húsa á Stjórnarráðsreit)*, skýrsla *Árbæjarsafns nr. 72*, fylgiskjal D. Þess ber að geta að hún var gefin út 1999, en skráning og varðveislumat húsakannana sem gerðar eru fyrir 2013 samræmist ekki núgildandi lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og þarfnast því endurskoðunar. Það sama á við um fornleifaskráningu fyrir svæðið.

3.4 Skipulagsreitur, náttúru- og veðurfar

Skipulagsreitur er nærri sjó og þaðan er stórbrotið útsýni. Landhalli er til norðurs. Lóðin er í skjóli fyrir sunnan og suðaustanátt af byggingum til suðurs og austurs, opin fyrir suðvestanátt til vestur (að Arnarhóli) og að hluta opin fyrir norðan og norðaustanátt til norðurs að Skúlagötu. Á sólríkum sumardögum er hafgola úr norðvestri seinni part dags.

Vindrós: fylgiskjal F.

3.5 Öryggismál og umferð

Hér er sérstaklega fjallað um öryggiskröfur fyrir byggingar ráðuneyta á Stjórnarráðsreit sem eru meiri en kröfur til annarra bygginga á reitnum.

Öryggisvarnir skulu vera innbyggðar í útfærslu svæðisins og bygginga, og taka tillit til staðsetningar mismunandi starfsemi, hönnunar og notkunar útisvæða, og vali á byggingarefnum.

Útfærsla gatna og svæða fyrir bíla þarf að taka tillit til öryggisvarna fyrir reitinn í heild. Möguleikar þurfa að vera á að takmarka umferð á götum í kring um reitinn og stýra umferð inn á hann, með tilheyrandi svæðum til öryggisleitar. Óæskilegt er að almenn umferð verði leyfð um Sölvhólsgötu, en aðkoma viðbragðsaðila og önnur stýrð umferð verði möguleg. Ökutæki verði almennt ekki heimil inni á reitum nema að teknu tilliti til öryggis.

Takmarka þarf hættu vegna ákeyrslu bifreiða á byggingar með viðeigandi árekstarvörnum, og taka tillit til fyrirkomulags gatna og aksturlína að byggingum.

Æskilegt er að fjarlægð nýbygginga í útjaðri samkeppnisreits að almennri umferð verði minnst 8 metrar (keppendur eru þó ekki bundnir af þessu). Sérstaklega skal gæta að fjarlægð ráðuneytisbygginga, sem æskilegt er að verði sem mest. Anddyri/móttaka getur þó verið nær umferð.

Form bygginga auki ekki áhrif sprenginga. Óæskilegt er að byggingar hallist yfir göngusvæði eða götu. Huga þarf að ákveðinni aðgreiningu milli svæða ráðuneyta og svæða sem eru opin almenningi. Svæði fyrir almenning verði í sjálfstæðum byggingarhlutum og ekki á neðri hæðum ráðuneyta. Gert er ráð fyrir tengingum milli ráðuneytisbygginga í kjallara (ekki er gerð krafa um útfærslu).

Sameiginleg móttaka ráðuneytanna þarf að vera örugg gagnvart ákeyrslu bíla. Við móttökuna þarf að gera ráð fyrir bílalest sem við sérstakar aðstæður er hleypt nálægt húsi. Gera má ráð fyrir að í henni séu 5 bílar í röð eða 10 bílar alls miðað við tvöfalda röð.

Tryggja þarf öryggi sem taki tillit til notkunar á bílgeymslu. Bílgeymsla verði ekki undir byggingum ráðuneyta (verði t.d. frekar á miðjum reit). Innan ráðuneytisreits verði hægt að skipta bílgeymslu í tvo hluta, vegna mismunandi öryggisstigs. Tryggja þarf a.m.k. tvennar óháðar keyrsluleiðir frá bílgeymslum. Fyrir framan innkeyrslu í bílgeymslu ráðuneyta verði svæði til öryggisleitar og stýringar umferðar. Gert verði ráð fyrir sjálfstæðum, öruggum flóttaleiðum upp á reitinn (óháðum stigahúsum bygginga) ef bílgeymslur verða opnar almenningi, en ekki þarf að gera grein fyrir bílgeymslum á tillöguupphráttum. Auk bílgeymslu ráðuneyta þarf að gera ráð fyrir bílgeymslu á reit fyrir stofnanir og dómstóla og sýna staðsetningu inn- og útkeyrslna hennar.

Reiknað er með sameiginlegri póst- og vörumóttöku fyrir öll ráðuneyti. Æskilegt er að hún verði ekki í sömu byggingu og ráðuneyti og verði í öruggri fjarlægð frá þeim, við útkant reitsins og á jarðhæð.

Huga þarf að útfærslu öryggis vegna sorpgeymslu fyrir ráðuneytin sem æskilegt er að verði við útjaðar svæðisins þangað sem sorp er sótt af utanaðkomandi þjónustuaðilum.


3.6 Almenn starfsemislýsing

Á Stjórnarráðsreit er stefnt að uppbyggingu framtíðarhúsnæðis fyrir öll ráðuneyti að undanskildu forsætisráðuneyti sem verður áfram við Lækjargötu. Samkvæmt deiliskipulagi reitsins er heimil mun meiri uppbygging en sem nemur þörfum Stjórnarráðsins. Þess vegna er gert ráð fyrir því að Landsréttur verði einnig á reitnum en hann er nú í bráðabirgðahúsnæði. Þá kemur til greina að stofnanir ríkisins sem tengjast náð Stjórnarráðinu og dómstólum verði á reitnum. Má þar nefna t.d. Fjársýslu ríkisins, Bankasýslu ríkisins, Hagstofu Íslands, Dómstólasýsluna, ríkislögmann og ríkissaksóknara. Gert er ráð fyrir þjónustu (t.d. veitingastöðum, bakarí) fyrir á jarðhæð reitsins, en ekki undir ráðuneytisbyggingum.

Mikilvægt er að umhverfið uppfylli kröfur um aðgengi, öryggi, og skilvirkni.

3.7 Byggingamagn

Samkvæmt gildandi deiliskipulagi má ætla að leyfilegt nýbyggingamagn á reitnum sé um 24.000 m² og skiptist milli reita A, B og C eins og fram kemur í töflu hér fyrir neðan:



■ Núverandi byggingar (ath. Sölvhólgata 11 er rifin)

■ Nýbyggingar

	Núv. byggingar	Nýbyggingar:	Samtals:
Reitur A:	15.211	14.082	29.293
Reitur B:	9.354	5.390	14.744
Reitur C:	3.908	4.465	8.373
Samtals:	28.473 m²	23.937 m²	52.410 m²

Upplýsingar um stærðir húsa á reit og notendur í fylgiskjali K *Stærðir húsa á reit*.

Ekki er gert ráð fyrir því að dregið verði úr þegar heimiluðu byggingamagni á reitnum. Að lokinni samkeppni er gert ráð fyrir að deiliskipulag reitsins verði breytt, sjá nánar gr. 4 *Verk í kjölfar samkeppni*.

Í greiningum Framkvæmdasýslu ríkisins á reitunum hafa verið settar fram hugmyndir um staðsetningar nýbygginga fyrir ráðuneyti á reit A, dómstóla á reit B (möguleg nýting á gamla Hæstaréttarhúsi og nálægð við Hæstarrétt) og stofnana á reit C, sjá fylgiskjal K.

Keppendur eru ekki bundnir af ofangreindum tölum og útfærslum.

Keppendur skulu staðsetja nýbyggingar ráðuneyta innan samkeppnisreitsins. Gert er ráð fyrir að í nýbyggingum verði eftirtöldum ráðuneytum komið fyrir:

- Fjármála- og efnahagsráðuneyti (FJR)
 - Umhverfis- og auðlindaráðuneyti (UAR)
 - Utanríkisráðuneyti (URR)
 - Mennta- og menningarmálaráðuneyti (MMR)
- Samtals 8.220 m²

og mögulega einnig:

- Dómsmálaráðuneyti (DMR)
 - Samgöngu- og sveitarstjórnarmálaráðuneyti (SSR)
- Samtals 1.660 m²

Heildarflatarmál nýbygginga er um 9.880 m² (brúttó), sjá nánar fylgiskjal L.

Gert er ráð fyrir að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og velferðarráðuneytið verði að Skúlagötu 4. Til að auka samnýtingarmöguleika er æskilegt er að nýbyggingar tengist Skúlagötu 4.

3.7.1 Brúttóstærðir, yfirlit heildarbyggingamagns

Í brúttófermetratölu skal innifela heildargólfliót allra bygginga á reitnum.

Farið er fram á að keppendur skili yfirliti um heildarbyggingamagn og dreifingu þess á reitnum.

4 Verk í kjölfar samkeppni

Gert er ráð fyrir því að verðlaunahafi 1. sætis útfæri deiliskipulag, að því gefnu að samningar náist milli verkkaupa og vinningsteymis. Þá er gerð krafa um að vinningshafi myndi teymi sem hafi réttindi til þess að vinna að skipulagsgerð.

Deiliskipulag verður endurskoðað í samráði við Reykjavíkurborg að samkeppni lokinni.

5 Samþykki keppnislýsingar

Keppnislýsing þessi og samningur milli AÍ og forsætisráðuneytisins er grundvöllur samkeppninnar.

Keppnislýsingin er samþykkt af verkkaupa og dómnefndarfulltrúum.

Reykjavík 5. mars 2018

Fyrir hönd forsætisráðuneytis




Ragnhildur Arnjótisdóttir, ráðuneytisstjóri

Með undirritun sinni lýsa dómnefndarfulltrúar því yfir að þeir muni dæma eftir ákvæðum keppnislýsingarinnar.


Dómnefnd:


Stefán Thors, formaður, forsætisráðuneytið


Óðinn H. Jónsson, forsætisráðuneytið


Halldóra Vífilsdóttir, arkitekt


Ágústa Sveinbjörnsdóttir, arkitekt


Hildigunnur Haraldsdóttir, arkitekt


Þórarinn Malmquist, arkitekt


Hermann Georg Gunnlaugsson, landslagsarkitekt

6 Umsögn Arkitektafélags Íslands

Samkeppnislýsing þessi og samningur milli AÍ og forsætisráðuneytisins er grundvöllur samkeppninnar.


Samkeppnislýsingin er samþykkt af verkkaupa og dómnefndarfulltrúum.

F.h. Arkitektafélags Íslands


Helgi Steinar Helgason, formaður

Nikulás Úlfar Másson
Margrét Jónasdóttir

Byggingasaga




Reykjavík 1999

Skýrslur Árbæjarsafns LXXII

Nikulás Úlfar Músson
Margrét Jónasdóttir

Byggingasaga

Stgr.



Reykjavík 1999

Skýrslur Árbæjarsafns LXXII

Unnið að beiðni Borgarskipulags Reykjavíkur
vegna deiliskipulagsvinnu.

Árbæjarsafn
Reykjavík 1999
© Árbæjarsafn og Nikulás Úlfar Másson arkitekt,
deildarstj./húsadeildar Árbæjarsafns

Ljósmyndir: Marisa Arason, Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Kortagerð: Ómar Ívarsson, Borgarskipulag Reykjavíkur.

Skýrslur Árbæjarsafns 72
Ritstjóri: Margrét Hallgrímsdóttir borgarminjavörður.

Öll réttindi áskilin.

Saga og mat

Saga

Reitirnir sem hér um ræðir eru þrír. Það eru staðgreinireitir 1.150.1, sem afmarkast af Ingólfsstræti, Sölvhólsgötu, Skuggasundi og Lindargötu, staðgreinireitur 1.150.2 sem afmarkast af Skuggasundi, Sölvhólsgötu, Klapparstíg og Lindargötu staðgreinireitur 1.150.3 sem afmarkast af Ingólfsstræti Skúlagötu, Klapparstíg og Sölvhólsgötu.


Þessir reitir eru í Skuggahverfi, sem nefnt var eftir tómthúsbylínu Skugga, sem var byggt um aldmótin 1800, en komið í eyði um 1845. Skuggi stóð niðri við sjó, rétt fyrir austan Klöppina. Um 1840 reis annað kot, Klöpp, vestanvert á Klapparnefinu. Klapparvörin var talin besta vörin í Skuggahverfi og var stundað útræði þaðan. Skuggahverfi byggðist upp af tómthúsmönnum sem byggðu að mestu torfbæi. Steinbæjum fjölgaði undir lok nítjándu aldar. Um 1870 voru aðeins tvö timburhús í Skuggahverfi.

Á sjöunda áratug 19. aldar hófst þilskipaútgerð í Reykjavík, en með henni var lagður grundvöllur að atvinnuuppbyggingu bæjarins. Á síðasta fjórðungi aldarinnar, skútuöldinni, fjölgaði íbúum Reykjavíkur hratt og byggðin breyttist. Í stað torfbæja risu steinbærir og timburhús og í lok aldarinnar mynduðust götur í hverfinu. Af þeim götum sem hér eru til umfjöllunar var Lindargatan lögð fyrst og var hún árið 1910 fjórða fjölmennasta gatan í bænum, en þar bjuggu 533 manns. Við Lindargötu stóðu þá 49 hús, 39 timburhús, 6 steinbærir, 3 hlaðin steinhús og einn torfbær.

Lindargata dregur nafn sitt af Móakotslind sem var helsta vatnsból í Skuggahverfi. Eftir að taugaveikifaraldur sem kom upp í hverfinu var rakinn til vatnsins í lindinni var fyllt upp í hana. Kotið Lindarbær sem stóð rétt austan við þar sem nú er Vatnsstígur, dró einnig nafn af lindinni. Klapparstígur dregur nafn sitt af tómthúsbylínu Klöpp sem stóð niður við sjó. Ingólfsstræti er nefnt eftir fyrsta landnámsmanninum í Reykjavík, Ingólfi Arnarsyni. Gatan myndaðist til suðurs frá Laugavegi eftir 1880, en þegar Hverfisgata var lengd til vesturs skömmu eftir aldamót var Ingólfsstræti lengt til norðurs niður að sjó. Skúlagata var í fyrstunni slóði meðfram sjónum, sem myndaðist að fyrirtækjum sem þar risu. Járnbrautin sem notuð var til flutninga við hafnargerðna 1913-1917 var lögð meðfram sjónum og þegar hlutverki hennar var lokið, voru teinarnir teknir upp, gatan lagfærð og hlaðinn steingarður meðfram sjónum. Sölvhólsgata er nefnd eftir býlinu Sölvhól, sem stóð rétt fyrir austan núverandi hús menntamálaráðuneytisins.

Meirihluti landssvæðisins sem hér er til umfjöllunar, var óbyggt fram á tuttugustu öldina. Á því voru tún Arnarhóls og Sölvhóls (sjá kort á næstu síðum). Var það að mestu í ríkiseign og hafði landshöfðinginn töðu fyrir bústofn sinn af þessum tünnum. Þegar nokkuð var liðið á tuttugustu öldina var ekki lengur stætt á því að taka svo mikið svæði í miðbæ Reykjavíkur undir tún og hóf ríkið þá að byggja yfir margar stofnanir sínar á svæðinu. Vegna alls þessa eru þessir reitir kallaðir Stjórnarráðsreitir.

- | | |
|-------------------------|-----------------|
| 1. Klöpp | 11. Arnarholt |
| 2. Nýibær/Nikulásarkot | 12. Steinstaðir |
| 3. Vindheimar | 13. Jörgensbær |
| 4. Vindheimakot/Pálsbær | 14. Veghús |
| 5. Móakot | 15. Sund |
| 6. Lindarbær | 16. Litlibær |
| 7. Miðhús | 17. Grjóthús |
| 8. Helgastaðir | 18. Kasthús |
| 9. Tóftir | 19. Einarshús |
| 10. Bali | 20. Eyjólfshús |
| | 21. Traðarkot |



Mörk reita sem hér eru til umfjöllunar

Skuggahverfi 1876

Sveinn Sveinsson

Mælt upp vegna brunatrygginga á húsum bæjarins.


Hér má sjá fyrstu kynslóð húsa í Skuggahverfi.

Þau eru ýmist torf- eða steinbæir, byggðir af tómt húsmönnum.

Smiðjustígur er að byrja að myndast og við hann standa einu

timburhúsin í hverfinu, Eyjólfshús (20) og Einarshús (19).

Ekkert er byggt vestan við túngarð Arnarhóls, sem var ríkisjörð.




Mörk reita sem hér eru til umfjöllunar

Skuggahverfi 1887

Sveinn Sveinsson

Byggð hefur aukist og timburhúsum fjölgað. Smiðjustígur hefur lengst til norðurs og Klapparstígur hefur myndast frá Laugavegi niður að Klöpp, við sjóinn. Lindargata liggur til austurs frá Klapparstíg og nær þangað sem Vatnsstígur kom seinna.



Mörk reita sem hér eru til umfjöllunar

Skuggahverfi 1902

Landmælingadeild herforingjaraðsins 1902
(útg. 1903)

Hér er gatnakerfið farið að taka á sig núverandi mynd. Þó er Sölvhólsgrata ekki komin og Hverfisgrata nær einungis niður að Vatnsstíg. Ekkert er enn farið að byggja á Arnarhólstúni.

Mat

Ekkert stendur eftir af upprunalegri byggð frumbyggjanna á þessum reitum. Þetta voru aðallega torf- og steinbæir. Önnur kynslóð íbúðarhúsa samanstóð af stærri steinhlöðnum húsum og timburhúsum. Öll eru þessi hús horfin af sjónarsviðinu nú, utan þau fjögur sem getið er hér að neðan. Þriðja kynslóð húsa, núverandi byggð, á þessum reitum eru öll steinsteipt. Arnarhólstúnið hélst í ríkiseign og ekkert var byggt þar fyrir en eftir 1910, þegar ríkið fer að byggja hús yfir starfsemi sína á þessum stað, s.s. Grænmetisverslunin, Áfengisverslunin, Tóbakssalan, Fiskifélagið, Landssíminn, Landssmiðjan, Hæstiréttur, ráðuneytin, Háskólinn, Ríkisútvarpið o.fl. Einnig byggði Samband Íslenskra Samvinnufélaga, sem þá var stærsta einkarekna fyrirtækið á Íslandi, skrifstofuhús við Sölvhólsgötu.

Tillögur Húsverndarnefndar Reykjavíkur

Í þeim reitum sem hér eru til umfjöllunar hefur Húsverndarnefnd Reykjavíkur gert tillögu um verndun eftirfarandi bygginga (sjá kort hér fyrir aftan).

1. Verndun götumynda, húsaraða og húsa með umhverfisgildi: dökkgulur litur á korti:

Lindargata 11 (1901) og **13** (1898)

Klapparstígur 12 (1902)

Klapparstígur 10 (1905) er óvæfengjanlegur hluti þessarar götumyndar og ber að vernda sem slíkt.

Um er ræða fjögur af örfáum húsum sem enn standa af annarri kynslóð byggðar í Skuggahverfi. Þessi hús, ásamt öðrum timburhúsum við Lindargötu og Smiðjustíg, mynda heildstæðar götumyndir frá því fyrir og um síðustu aldamót. Þessar götumyndir ber að halda í eftir fremsta megni, þar sem þær eru síðustu leyfar af elstu byggðinni í Skuggahverfi. Æskilegt er að úlit húsa, þar sem þess er þörf, verði lagfært með hliðsjón af upphaflegri gerð. Sýna þarf sérstaka áðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

2. Verndun 20. aldar bygginga: grænn litur á korti:

Ingólfsstræti 1 (Fiskifélagshúsið) (1934)

Lindargata 1 (Arnarhvoll) (1931)

Lindargata 1 (fyrrv. hús Hæstaréttar Íslands) (1949)

Lindargata 7 (fyrrv. íþróttahús Jóns Þorsteinssonar) (1935)

Þrjú fyrsttöldu húsin eru öll hönnuð af Guðjóni Samúelssyni Húsameistara ríkisins, en Lindargata 7 af Einari Sveinssyni og Sigmundi Halldórssyni. Í **Ingólfsstræti 1** koma í fyrsta sinn fram lausnir í útliti sem áttu eftir að verða áberandi í íslenskri byggingarlist næstu tuttugu árin, s.s. steining útveggja og steiptir þakkantar. Þessi nýja stílgerð

sprettur síðan nærri fullsköpuð fram í **Lindargötu 7**, sem hannað er ári síðar, s.s. rúðuskipting glugga og hornluggar. Fúnksjónalisminn hafði hafið innreið sína inn í íslenska byggingarlist og varð allsráðandi í þeim hverfum Reykjavíkur sem byggðust upp á fjórða og fimmta áratug aldarinnar, Norðurmýri, Hlíðar, Holt og Melar. Bæði eru þessi hús því brautryðjendaverk í íslenskri byggingarlistasögu, sem ber að varðveita í núverandi mynd. Lindargata 7 er eina byggingin frá upphafstímum funksjónalismans, sem ekki er íbúðarhúsnæði, sem varðveist hefur óbreytt frá fyrstu tíð. Vegna þess hversu heildstæð og stílhrein þessi hús eru, ber að fara mjög varlega við hönnun viðbygginga við þau og hætt er við að hækking þeirra skemmdi hið hárfína jafnvægi í útliti þeirra.


Hús **Hæstaréttar** frá 1949 var teiknað um leið og stækkunin á **Arnarhvoli**. Í sjónrænu tilliti mynda þessi hús því samstæða heild. Bæði eru þessi hús teiknuð í klassískum stíl. Yfirbragð Arnarhvals er öllu þyngra, með taktföstum gluggaröðum, sem breytast ekki milli hæða og breiðum, þungum þakkanti þar yfir með klassískum tannstöfum. Í útliti Hæstaréttarhússins er hins vegar reglum hins klassíska stíls fylgt eftir með nokkurri nákvæmi, t.a.m. fer stærð glugga eftir mikilvægi rýmisins fyrir innan, þ.e. stærstu gluggarnir á aðlhæðinni (Piano Nobile) og minni gluggar fyrir ofan og neðan. Þetta er síðan kórónað með klassískri þakbrún. Þessi hús eru bestu fulltrúar klassíska stílsins á Íslandi og er gildi þeirra í íslenskri menningar- og byggingarlistasögu mikið. Það yrði því mikill sjónarsviptir af því ef þau hyrfu af sjónarsviðinu, í raun, menningarsögulegt slys (sjá umsögn vegna niðurrifsbeiðni hér fyrir aftan).

Önnur hús

Ekki er gerð krafa um sérstaka verndun annarra húsa á þessum reitum. Þó skal bent á það að hús **Sölvhólgata 10 og 14**, myndu sóma sér mjög vel yrðu þau flutt í viðeigandi umhverfi (lóðirnar númer 15 og 17 við Lindargötu eru auðar og myndi flutningur þessara húsa þangað styrkja mjög götumynd Lindargötu á þessum stað), ef aðrar hugmyndir kæmu upp um notkun lóðanna. **Sölvhólgata 11 og 13** eru óvenju upprunaleg hús frá fyrstu árum stórra verksmiðjubygginga í Reykjavík. Hönnuðir þeirra eru Guðjón Samúelsson (11) og Einar Erlendsson (13), arkitektar. Þar sem upphafleg hönnun þessara húsa leyfir mikið frjálrsræði hvað varðar notkunarmöguleika, er ekki úr vegi að leitast við að vernda núverandi útlit þeirra.


Húsvendarnefnd Reykjavíkur -húsvendarkort-

	Friðaðar byggingar
	Tillögur að fríðun bygginga
	Verndun bygðamynsturs
	Verndun svæða
	Verndun götumynda
	Verndun 20. aldar bygginga
	Byggingar byggðar fyrir 1918.




Kort

Byggingarár húsa
í stgr. 1.150.1



Byggingarár húsa í stgr. 1.150.3



Byggingarefni húsa í stgr. 1.150.1




Timbur



Steinsteypt



Hlaðið úr steini



Byggingarefni húsa í stgr. 1.150.2

Sölvhólgata

Skuggasund

Lindargata

Klapparstígur

Timbur

Steinsteypt

Hlaðið úr steini



Byggingarefni húsa í stgr. 1.150.3

Sæbraut

Skúlagata

Sölvhólgata

Ingólfsstræti


Timbur




Steinsteypt



Hlaðið úr steini



Húsaskrá



Í tillögum Húsvernðarnefndar Reykjavíkur er þetta hús tilgreint í flokki yfir verndun 20. aldar byggingar. Það er óvenju upprunalegt miðað við aldur og því sérstaklega mikilvægt að spilla ekki hinu fína jafnvægi í útliti þess (sjá kafla um varðveislumat), milli lóðréttrar áherslu á horni og láréttra gluggaraða sitt hvorum megin við það.

Fyrsti eigandi

Fiskifélag Íslands

Hönnuður

Guðjón Samúelsson
arkitekt

Upphafleg notkun

Skrifstofu- og vélskólahús.

Upphafleg gerð hússins

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsl. / Hraunað
Þakgerð Flatt þak
Þakklæðn. Pappi
Undirstöður Steinsteypar
Útlit Þríflyft
Kjallari

Annað heiti hússins

Höfn

Saga

Húsið er þríflyft steinhús byggt af Fiskifélagi Íslands árið 1934. Árið 1968 var plássi vélskólans breytt í skrifstofur. Í húsinu er nú landbúnaðarráðuneytið og ríkisskattstjóri Íslands.

Breytingar

1938 BÍlskúr
1963 Breyting á 1. hæð
1968 Endurbætur
1971 Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Þorlákur Ófeigsson
Gísli Halldórsson et.al.
Skarphéðinn Jóhannsson
Guðmundur Kr. Kristinsson



Óvenju upprunalegt timburhús frá byrjun aldarinnar, sem sómir sér vel í götumynd timburhúsa við norðanverða Lindargötu. Sú götamynd, er talin í tillögum Húsverndarnefndar Reykjavíkur, hafa mikið umhverfislegt gildi. Klapparstígur 10 telst vera hluti þeirrar götumyndar, þó þess sé ekki getið sérstaklega í tillögum nefndarinnar.

Fyrsti eigandi

Helga Hafliðadóttir

Hönnuður

Ókunnur

Upphafleg notkun

Íbúðarhús

Breytingar

1944 Geymsla á lóð

Upphafleg gerð hússins

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Bárújárn
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðn. Bárújárn
Undirstöður Hlaðnar úr
Útlit Einlyft
 Ris
 Kjallari
 Inng.skúr
 Port

Annað heiti hússins


Klapparstígur 19

Saga

Á þessari lóð stóð steinbær byggður af Páli Jónssyni vegfræðingi. Árið 1905 byggði Helga Hafliðadóttir einlyft timburhús með portbyggðu risi á lóðinni. Steinbær Páls var rifinn árið 1907.

Hönnuðir breytinga

Arinbjörn Þorkelsson



Þetta hús er hluti götummyndar við norðanverða Lindargaötu, sem í tillögum Húsverndarnefndar Reykjavíkur er talin hafa mikið umhverfislegt gildi. Timburhúsið var allt forskallað (múrhúðað) um leið og steinsteypta viðbyggingin hægra megin, við Klapparstíg, var gerð eftir teikningum Guðmundar H. Þorlákssonar.

Fyrsti eigandi

Guðmundur Magnússon
kaupmaður

Hönnuður

Ókunnur

Upphafleg notkun

Íbúðarhús

Breytingar

1918	Brunaskemmd
1950	Viðbygging

Upphafleg gerð hússins

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Mænispak
Þakklæðn.	Bárujárn
Undirstöður	
Útlit	Tvílyft
	Ris
	Kjallari

Annað heiti hússins


Lindargata 5

Saga

Húsið er byggt árið 1902 af Guðmundi Magnússyni kaupmanni. Árið 1918 kom upp eldur í húsinu. Talið var að neisti hefðu fallið ofan í rís sem var í kolakassa við ofn í einu herbergi á annarri hæð hússins. Þaðan breiddist eldurinn yfir í veggi hússins. Um 1950 var byggð steinsteypt viðbygging við húsið. Það hefur verið múrhúðað utan með skeljasandi. Á austurhlið viðbyggingarinnar er kvistur.

Hönnuðir breytinga

Guðmundur H. Þorláksson



Í tillögum Húsvendarnefndar er Arnarhvoll tilgreindur í grænum flokki, þ.e. 20. aldar byggingar sem skal vernda vegna mikils listræns gildis og/eða gott höfundardæmi. Mikilvægt er að vernda stílhreint, klassískt yfirbragð byggingarinnar, sem eitt besta dæmi þess stíls í Reykjavík.

Fyrsti eigandi

Ríkssjóður Íslands

Hönnuður

Guðjón Samúelsson
arkitekt

Upphafleg notkun

Skrifstofuhús
Skrifstofa

Breytingar

1945 Viðbygging

Upphafleg gerð hússins

Tegund Steinsteipt
Klæðning Múrsléttað
Pakgerð Skáþak(skúrþak)
Þakklæðn. Bárújám
Undirstöður Steinsteiptar
Útlit Þríflyft
Kjallari

Annað heiti hússins


1931 Arnarhvoll

Saga

Árið 1945 var Arnarhvoll lengdur til austurs í sama stíl og eldra húsið eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar og einnig var þá byggt hús Hæstaréttar austan við hann.

Hönnuðir breytinga

Guðjón Samúelsson



Í tillögum Húsvendarnefndar er þetta fyrrverandi hús Hæstaréttar tilgreint í grænum flokki, þ.e. 20. aldar bygging sem skal vernda vegna mikils listræns gildis og/eða gott höfundardæmi. Mikilvægt er að vernda stílhreint, klassískt yfirbragð byggingarinnar, sem eitt besta dæmi þess stíls í Reykjavík.

Fyrsti eigandi

Ríkissjóður Íslands

Hönnuður

Guðjón Samúelsson
arkitekt

Upphafleg notkun

Skrifstofa

Breytingar

Upphafleg gerð hússins


Tegund Steinsteyp
Klæðning Kvars og tinna
Þakgerð Skáþak(skúrþak)
Þakklæðn. Bárújam
Undirstöður Steinsteypar
Útlit Þríflyft
Kjallari

Annað heiti hússins

Hæstiréttur

Saga

Árið 1997 var óskað eftir niðurrifi á Hæstaréttarhúsinu. Lagst var gegn niðurrifi, þar sem húsið er í grænum verndarflokki sem tekur yfir 20. aldar byggingar sem æskilegt er að varðveita. Er það mat minjavörslunnar að niðurrif hússins yrði sjónrænt og menningarlegt slys (sjá umsögn Árbæjarsafns og Byggingarlistadeildar Kjarrvalsstaða aftast í skýrslunni).



Í tillögum Húsverndarnefndar er Lindargata 7, „hús Jóns Þorsteinssonar“ tilgreint í grænum flokki, þ.e. 20. aldar bygging sem æskilegt er að vernda vegna mikils listræns gildis og/eða gott höfundardæmi. Varðveislugildi þessa húss er sérstaklega mikið þar sem hér kemur íslenskur steinsteypufunkis fyrst til sögunnar; m.a. stórar rúður og hornluggar.

Fyrsti eigandi

Jón Þorsteinsson

Hönnuður

Einar Sveinsson
arkitekt

Upphafleg notkun

Íbúðarhús og íþróttaskóli

Breytingar

1989 Atv.húsn. innr.

Upphafleg gerð hússins

Tegund Steinsteyp
Klæðning Hraunað
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðn. Bárújám
Undirstöður Steinsteypar
Útlit Tvílyft
Kjallari


Annað heiti hússins

Íþróttaskóli

Saga

Hús þetta er óbreytt að öðru leyti en því að árið 1989 var Litla svið Þjóðleikhússins innréttað í því.

Hönnuðir breytinga



Segja má að þetta hús beri mun meiri keim af byggingarlist Sigvalda Thordarsonar, eftir breytingarnar árið 1962, en upphaflegum höfundi þess.

Fyrsti eigandi

Sanitas, Loftur Guðmundsson

Hönnuður

Guðmundur H. Þorláksson
arkitekt

Upphafleg notkun

Verksmiðja
Skrifstofa

Breytingar

1962 Viðbygging
1962 Gluggabreyting
1962 Hækkun

Upphafleg gerð hússins

Tegund Steinsteypt
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðn. Bárújám
Undirstöður Steinsteyptar
Útlit Þríflyft
Ris
Kjallari

Annað heiti hússins


1938 Lindargata 1

Saga

Árið 1962 eru Dagsbrún og Sjómannafélag Reykjavíkur eigendur hússins. Sigvaldi teiknaði samkomusal í viðbyggingu við norðurhlíð hússins. Það er nú (1999) kallað Lindarbær og er aðsetur Leiklistarskólans. Sigvaldi lét einnig breyta öllum gluggum hússins í veltiglugga árið 1962 auk þess að teikna þakhýsi.

Hönnuðir breytinga

Sigvaldi Thordarson
Sigvaldi Thordarson
Sigvaldi Thordarson



Þetta hús er hluti götummyndar við norðanverða Lindargaötu, sem í tillögum Húsvendarnefndar Reykjavíkur er talin hafa mikið umhverfislegt gildi.

Fyrsti eigandi

Ástráður Hannesson
assistant

Hönnuður

Ókunnur

Upphafleg notkun

Íbúðarhús

Upphafleg gerð hússins

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Bárújám
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðn.	Bárújám
Undirstöður	
Útlit	Einlyft
	Ris
	Kjallari
	Inng.skúr

Annað heiti hússins

Lindargata 1b

Saga


Húsið er reist af Ástráði Hannessyni afgreiðslumanni árið 1901. Árið 1907 lengdu Sigurður Jónsson og Vilhjálmur Árnason trésmiður húsið og byggðu ofan á það hæð og ris og kvist á suðurhlið. Það er járnklætt með járnþaki.

Breytingar

1907 Hækkun

Hönnuðir breytinga

Óundirrituð



Þetta hús er hluti götummyndar við norðanverða Lindargaötu, sem í tillögum Húsvendarnefndar Reykjavíkur er talin hafa mikið umhverfislegt gildi. Þetta er reisulegt hús sem sómir sér mjög vel í götummyndinni og er tilveruréttur þess því ótvíræður. Ekki hefur verið búið í því um hríð og er viðhaldi því ábótavant.

Fyrsti eigandi

Ástráður Hannesson
skipstjóri

Hönnuður

Ókunnur

Upphafleg notkun

Íbúðarhús

Upphafleg gerð hússins

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Bárújám
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðn. Bárújám
Undirstöður
Útlit Einlyft
 Ris
 Kjallari

Annað heiti hússins

Saga


Árið 1915 endurbætti Engilbert Magnússon hús sitt og hækkaði þannig að það var gert tvílyft með kvisti og risi. Við norðurhlíð var einnig gerður inngöngu- og uppgönguskúr. Engilbert Magnússon skipstjóri byggði viðbyggingu úr steinsteypu árið 1924 sem var teiknuð af Einar Erlendssyni.

Breytingar

1915 Hækkun
Kvistur
1924 Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Einar Erlendsson
Einar Erlendsson



Þessu húsi hefur verið mikið breytt frá fyrstu tíð. Það hefur hýst margar stofnanir og fyrirtæki (sjá „Saga“), en nú eru þar skrifstofur Hagstofu Íslands.

Fyrsti eigandi

Prentsmiðjan Edda hf.

Hönnuður

Þórir Baldvinsson
arkitekt

Upphafleg notkun

Prentsmiðja

Breytingar

1946 Hækkun
1946 Viðbygging
1958 Viðbygging

Upphafleg gerð hússins

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðn. Bárújám
Undirstöður Steinsteypur
Útlit Tvílyft

Ris
Kjallari

Annað heiti hússins


Lindargata 9a
Lindargata 1d
1909 Litla-Land

Saga

Lóðin er úr lóð Litlalands. Árið 1938 byggði Samband íslenskra samvinnufélaga prentsmiðju- og skrifstofuhús. Húsið var hækkað árið 1946 og byggt við útbyggingu við suðurlóðamörk. Tóbakseinkasala ríkisins var í húsinu um þetta leyti. Viðbyggingin frá 1958 er við austurlóðamörkin. Árið 1982 var húsinu breytt nokkuð og sett í það fræðslu- og teiknideildir SÍs. Hagstofa Íslands flutti í húsið árið 1990 og var heiti þess þá breytt í Skuggasund 3.

Hönnuðir breytinga

Þórir Baldv.s, Árni H. Möller
Þórir Baldv.s, Árni H. Möller
Þórir Baldv.s, Árni H. Möller



Þetta hús er óbreytt frá fyrstu tíð að öðru leyti en því að byggðar voru tvær hæðir ofaná bakbygginguna árið 1970. Eftir byggingu hússins var það eitt hæsta skrifstofuhús í Reykjavík og er það gott dæmi um fyrstu nútíma skrifstofuhúsin, þó að ekki sé gerð tillaga um varðveislu þess sérstaklega.

Fyrsti eigandi

Ríkissjóður Íslands

Hönnuður

Halldór H. Jónsson
arkitekt

Upphafleg notkun

Skrifstofa

Breytingar

1970 Hækkun á bakbyggingu.

Upphafleg gerð hússins

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttáð
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðn. Bárújám
Undirstöður Steinsteypar
Útlit Sex hæðir, en bakbyggingar ein og tvær hæðir.

Annað heiti hússins


[Empty box]

Saga

Upphaflega áttu einungis fiskrannsóknarstofur Háskólans að vera í húsinu, en áður en byrjað var að byggja var húsið hækkað um þrjár hæðir fyrir Ríkisútvarpið. Halldór teiknaði útlitið en húsameistari innréttingar. Ríkisútvarpið flutti úr húsinu upp í Efstaleiti árið 1987. Nú eru í húsinu Hafrannsóknarstofnun, Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins og Sjávarútvegsráðuneytið.

Hönnuðir breytinga

Halldór H. Jónsson



Ekki er gerð tillaga um sérstaka verndun á þessu húsi.

Fyrsti eigandi

Landssmiðjan

Hönnuður

Halldór H. Jónsson
arkitekt

Upphafleg notkun

Bílskúr

Breytingar

Upphafleg gerð hússins


Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Bárújárn
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðn. Bárújárn
Undirstöður
Útlit Einlyft

Annað heiti hússins

Saga

Bílskúr sem byggður var fyrir 7 bíla á vegum Landssmiðjunnar árið 1931. Síðar var sett eldsmiðja í þetta hús.

Hönnuðir breytinga



Kvistirnir marka upprunalega húsið, sem teiknað var af Knud Ziemsen, verkfræðgi, síðar byggingarfulltra Reykjavíkur og bæjarstjóra.

Fyrsti eigandi

Samband íslenskra Samvinnufélaga

Hönnuður

Knud Ziemsen
verkfræðingur

Upphafleg notkun

Skrifstofa

Breytingar

1930 BÍlskúr
1948 Hækkun
1948 Viðbygging
1960 Viðbygging

Upphafleg gerð hússins

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Mænispak
Þakklæðn. Bárújám
Undirstöður Steinsteypar
Útlit Þríflyft
Ris
Kjallari
Kvistir

Annað heiti hússins


Menntamálaráðuneytið

Saga

Húsið sem Sambandið byggði árið 1920 var þríflyft steinhús og kjallari. Var það þá eitt fínasta húsið í Art Nouveau stíl í Reykjavík. Á norðurhlið hússins eru 2 kvisir. Árið 1948 var byggt ofan á húsið ein hæð og ný viðbygging reist við það jafnhá húsinu, til suðurs, að Arnarhváli. Árið 1960 var byggt við húsið í vestur. Húsið hýsir nú menntamálaráðuneytið.

Hönnuðir breytinga

Hörður Bjarnas., Ágúst Stein.
Óskar Sveinsson
Gunnar Þ. Þorsteinsson



Fyrsti eigandi

Ríkissjóður Íslands

Hönnuður

Ásmundur Harðarson
arkitekt

Upphafleg notkun

Skrifstofa

Breytingar

[Empty box for recording changes]

Upphafleg gerð hússins

Tegund Steinsteypt
 Klæðning "Hraunað"
 Þakgerð Mænisþak
 Þakklæðn. Eir
 Undirstöður Steinsteyptar
 Útlit Tvílyft
 Ris
 Kjallari


Annað heiti hússins

[Empty box for additional name]

Saga

Í húsinu eru fjölmargar ríkis-skrifstofur, m.a. Landbúnaðar-ráðuneytið.
 Áður stóðu á þessari lóð geymslur Grænmetisverslunar ríkisins byggðar árið 1936.

Hönnuðir breytinga



Ekki er gerð tillaga um sérstaka varðveislu þessa húss á staðnum, en það myndi sóma sér vel yrði það flutt í viðeigandi umhverfi, ef aðrar hugmyndir kæmu upp um notkun lóðarinnar.

Fyrsti eigandi

Steindór Björnsson
efnisvörður

Hönnuður

Steindór Björnsson

Upphafleg notkun

Íbúðarhús

Breytingar

1937 Flutningur

Upphafleg gerð hússins


Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðn.	Bárujárn
Undirstöður	
Útlit	Einlyft
	Ris
	Port

Annað heiti hússins

Saga

Steindóri var leyft að byggja þetta hús á lóð ríkissjóðs til bráðabirgða. Árið 1937 var húsið flutt til vesturs um 10,3m til að hægt væri að framlengja Skuggasund niður á Sölvhóls­götu. Þetta var nauðsynlegt vegna skólpleiðslna. Einnig var samþykkt að taka mætti húsið burtu með 3 mánaða fyrirvara. Árið 1985 var húsið klætt utan með málm­klæðningu með múrsteinsáferð.

Hönnuðir breytinga



Þetta hús er óbreytt að ytra byrði frá fyrstu tíð að öðru leyti en því að kvisti hefur verið bætt við framhliðina og hringstiga á gafl. Það er stílhreint atvinnuhúsnæði en verður ekki talið til betri verka af hendi Guðjóns Samúelssonar. Ekki er gerð tillaga um sérstaka varðveislu þessa húss, en sökum upprunaleika þess ber það fyrrum atvinnustarfsemi á þessum slóðum, sem nú er horfin, gott vitni.

Fyrsti eigandi

Landssími Íslands

Hönnuður

Guðjón Samúelsson
arkitekt

Upphafleg notkun

Vöruheymsla
Skrifstofa

Upphafleg gerð hússins

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrslétt
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðn. Bárújám
Undirstöður Steinsteypar
Útlit Kjallari
Þríflyft

Annað heiti hússins

Saga


Steinhús reist árið 1942. Árið 1953 var settur á það kvistur. Árið 1972 var byggt skýli við húsið. Húsið er reist sem efnisgeymsla Landssíma Íslands. Það er teiknað af Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins. Bifreiðageymslur, sem enn standa (1999), við vesturlóðamörkin voru byggðar um líkt leyti og húsið.

Breytingar

1953 Kvistur
1955 Lyfta
1970 Innréttað trésmíðaverkst.
1976 Endurbætur innanhúss

Hönnuðir breytinga

Einar Erlendsson
Gísli Halldórsson et.al.
Gísli Halldórsson et.al.
Gísli Halldórsson et.al.



Þetta hús er óbreytt að ytra byrði frá fyrstu tíð. Það er stílhreint atvinnuhúsnæði en verður ekki talið til betri verka af hendi Einars Erlendssonar. Ekki er gerð tillaga um sérstaka varðveislu þessa húss, en sökum upprunaleika þess ber það fyrrum atvinnustarfsemi á þessum slóðum, sem nú er horfin, gott vitni.

Fyrsti eigandi

Ríkissjóður Íslands

Hönnuður

Einar Erlendsson
arkitekt

Upphafleg notkun

Verksmiðja Landssmiðjan
Verksmiðja

Breytingar

1953 Viðbygging
1953 Kvistur
1976 Ný klæðning

Upphafleg gerð hússins

Tegund
Klæðning
Þakgerð
Þakklæðn.
Undirstöður
Útlit

Steinsteypt
Kvarts og
Mænispak
Eternitplötur
Steinsteyptar
Þrilyft
Ris
Kjallari

Annað heiti hússins


Landssmiðjan

Saga

Húsið er byggt árið 1943 fyrir Landssmiðjuna. Arkitekt var Einar Erlendsson. Árið 1953 var byggð nokkuð stór viðbygging við austurgafli hússins. Nú áklæðning var sett á viðbygginguna árið 1976. Bárújárnsklæddi timburskúrinn sem byggður var árið 1933 sem bifreiðageymsla (sjá Skúlagata 8) og enn (1999) stendur við norðurlóðamörkin varð fljótlega notaður sem eldsmiðja.

Hönnuðir breytinga

Gísli Halldórsson et. al.
Gísli Halldórsson et. al.
Jes Einar Þorsteins­son



Ekki er gerð tillaga um sérstaka varðveislu þessa húss á staðnum, en yrði það fært í upprunalega mynd (gluggar) myndi það sóma sér vel eftir flutning í viðeigandi umhverfi, ef aðrar hugmyndir kæmu upp um notkun lóðarinnar.

Fyrsti eigandi

Páll Hafliðason
skipstjóri

Hönnuður

Ókunnur

Upphafleg notkun

Íbúðarhús

Upphafleg gerð hússins

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Bárurjám
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðn. Bárurjám
Undirstöður
Útlit Einlyft
Ris
Kjallari
Inng.skúr
Port

Annað heiti hússins

"Pálshús" við Klapparstíg
Nýjabæjarlóð

Saga

Húsið er einlyft timburhús á kjallara með portbyggðu risi, járnklætt með járnþaki. Gluggum hússins hefur verið breytt. Inngönguskúr við vesturgafli hússins er byggður um leið og húsið. Árið 1934 hefur verið byggður geymslu- og þvottaskúr á lóðinni.

Breytingar

1922 Bíliskúr
1933 Hækkaður kjallari

Hönnuðir breytinga



Pósthólf 10020 · IS 130 Reykjavík · Ísland
P.O. Box 10020 · IS 130 Reykjavík · Iceland

Sími 577 1111

Myndsending 577 1122

Tel. +354-577 1111

Fax +354-577 1122

Reykjavík, 12. febrúar 1997.


Umhverfismálaráð Reykjavíkur
Skúlarúni 2
101 Reykjavík


Varðandi Lindargötu 3 – beiðni um niðurrif.

Í tillögu að varðveisluskrá bygginga í eldri hluta Reykjavíkur sem unnin var af vinnuhópi Húsverndarnefndar Reykjavíkur á sl. ári er húsið Lindargata 3, hús Hæstaréttar Íslands, tilgreint í grænum verndunarflokki. Samkvæmt skilgreiningu verndunarskrár tekur grænn verndunarlitur til 20. aldar bygginga sem æskilegt er að varðveita vegna listræns gildis eða sem dæmi um höfundarverk. Lagt til að hús í þessum flokki njóti verndar og sýna beri sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Hús Hæstaréttar að Lindargötu 3 var teiknað árið 1945. Höfundur þess var Húsameistari ríkisins, Guðjón Samúelsson. Byggingin er áföst Arnarhvoli sem er verk sama höfundar. Í sjónrænu tilliti mynda þessi hús samstæða heild. Útlitsgildi Lindargötu 3 felst einkum í framhlið þess að götu en húsið hugsað sem hluti af samfelldri húsaröð. Framhlið hússins er í klassískum stíl. Yfirbragð hennar látlaust og virðulegt í senn og hefur hún mikið sjónrænt gildi fyrir umhverfið. Auk þess að vera hluti af götumynd Lindargötu að norðanverðu blasir framhlið Lindargötu 3 við enda sundsins milli Safnahúss og Þjóðleikhúss og er hún því mikilvægur hluti af samhengi þessara bygginga. Í keppnislýsingu vegna nýbyggingar Hæstaréttar dags. í maí 1993 var sú forsenda gefin að eldra hús Hæstaréttar myndi í framtíðinni nýtast sem aðalinngangur í væntanlega stækkun stjórnarráðsbyggingar til austurs og var keppendum gert að taka tillit til væntanlegs vægis þess inngangs í rýmismótun svæðisins.

Með tilvísun í varðveisluskrá Húsverndarnefndar Reykjavíkur er það mat okkar að niðurrif hússins að Lindargötu 3 yrði sjónrænt og menningarsögulegt slys. Margar af merkustu perlum íslenskrar húsagerðarlistar eru byggingar í eigu hins opinbera. Ákvarðanir um uppbyggingu og niðurrif á þess vegum hefur því víðtækt fordæmisgildi fyrir húsvernd í landinu. Mælt er með að skoðaðir verði aðrir kostir, svo sem að láta framhlið hússins standa í óbreyttri mynd, enda þótt aðrir hlutar þess yrðu endurnýjaðir að einhverju eða öllu leyti. Að auki er vafasamt er að heimila niðurrif Lindargötu 3 þegar ekki liggja fyrir neinar tillögur um framtíðarnýtingu á lóðinni.


Nikulás Úlfar Másson
Árbæjarsafni


Pétur H. Ármannsson
Byggingarlistardeild, Kjarvalsstöðum

04 MAR 1997

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir:

Árbæjarsafn (Ábs):

Byggðar lóðir í Reykjavík.
Húsaskrá Reykjavíkur.
Kortasafn.

Borgarskjalasafn (BsR):

Aðf. 723-724. Brunatrygging húsa 1874-1895.
Aðf. 734-748. Brunabótavirðingar.
Aðf. 751-757. Brunatrygging húsa 1896-1943.
Aðf. 3374. Götunöfn og húsanúmer 1914-1960.
Skjöl byggingarfulltrúa. (B) Ingólfsstræti, Lindargata, Klapparstígur, Skúlagata og Sölvhólskata.

Byggingarfulltrúi Reykjavíkur (Byggf.í Rvk.):

Innlagðar teikningar fyrir Ingólfsstræti, Lindargötu, Klapparstíg, Skúlagötu og Sölvhólsstötu.

Mælingadeild Reykjavíkur:

Kortagrunnur bl. nr. 322 SV

Árbæjarsafn:

Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Salvör Jónsdóttir:
Skuggahverfi (handrit). Rvk. 1985.

Prentaðar heimildir:

Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur I og II*. Rvk. 1929

Knud Zimsen: *Úr bæ í borg. Nokkrar endurminningar Knud Zimsen fyrrverandi borgarstjóra um þróun Reykjavíkur*. Lúðvík Kristjánsson. Rvk. 1952


Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund. Saga og sérkenni höfuðborgarinnar í máli og myndum*. 3. b. Reykjavík 1988.

Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-83. Reykjavík 1966.

Aðalskipulag Reykjavíkur 1984-2004. Unnið af Borgarskipulagi Reykjavíkur. Reykjavík 1988.

Aðalskipulag Reykjavíkur 1996-2016. Unnið af Borgarskipulagi Reykjavíkur. Reykjavík 1997.

- Sögulegar Arbæjarsafns** 40
- 1 Margrét Hallgrímsdóttir: *Viðey. Fornleifarannsóknir 1988-1989*. Rvk. 1992.
 - 2 Hrefna Róbertsdóttir: *Gamli Austurbærinn. Timburhúsabyggð í borgarhluta Skólavörðuholti frá byrjun 20. aldar*. Rvk. 1989.
 - 3 Margrét Hallgrímsdóttir: *Fornleifarannsókn í Viðey 1987*. Rvk. 1988.
 - 4 Margrét Hallgrímsdóttir, Þorvaldur S. Þorvaldsson, Þórður Þ. Ólafsson: *Greinargerð um tillögu húsafríðunarnefndar Ríkissins um ritun 24 húsa í Reykjavík*. Rvk. 1990.
 - 5 Hrefna Róbertsdóttir, Helgi M. Sigurðsson og Hrefna Róbertsdóttir: *Borgarhluti 2. Fyrsta greinargerð frá Arbæjarsafni*. Rvk. 1990.
 - 6 Hrefna Róbertsdóttir og Margrét Hallgrímsdóttir: *Steinbær og hálshúsið í Reykjavík. Könnun á ástandi þeirra*. Rvk. 1991.
 - 7 Hrefna Róbertsdóttir: *Byggingasaga. Stgr. 1.172.0. Hverfisgata, Vatnssstígur, Laugavegur og Klapparstígur og stgr. 1.172.1. Hverfisgata, Barónsstígur, Laugavegur og Vitastígur*. Rvk. 1991.
 - 8 Helgi M. Sigurðsson: *Sögulegar minjar í Óskjuhlíð og Vatnsmýri. Útgeft ásamt tillögum um verndun og lagfæringar*. Rvk. 1991.
 - 9 Nikulás Úlfar Másson: *Húsakönnun í Blesugróf*. Rvk. 1992.
 - 10 Hrefna Róbertsdóttir, Margrét Hallgrímsdóttir og Nikulás Úlfar Másson: *Adalstræti byggðarsaga Reykjavíkur frá öndverðu. Fornleifar, landnám- og miðaldabyggð. Hús Innrétinganna. Geysihúsið*. Rvk. 1992.
 - 12 Helgi M. Sigurðsson: *Norðlingaholt*. Rvk. 1992.
 - 13 Nikulás Úlfar Másson: *Borgarhluti 3. Byggingar og Minjar*. Rvk. 1992.
 - 14 Helgi M. Sigurðsson: *Ellidaárdalur*. Rvk. 1992.
 - 15 Margrét Hallgrímsdóttir: *Viðey. Fornleifarannsóknir 1991. Áfangaskýrsla*. Rvk. 1992.
 - 16 Arsskýrsla Arbæjarsafns 1992. Rvk. 1993.
 - 17 Nikulás Úlfar Másson, Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga. Stgr. 1.130.3. Bergþórugata, Vitastígur, Njálsgata og Barónsstígur*. Rvk. 1993.
 - 18 Nikulás Úlfar Másson, Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga. Stgr. 1.161.1 og 2. Suðurgata, Kirkjugarðsstígur, Garðastræti og Tungata*. Rvk. 1993.
 - 19 Bjarni F. Einarsson: *Laugarnes. Greinargerð um fornleifar á Laugarnesi*. Rvk. 1993.
 - 20 Hrefna Róbertsdóttir: *„Timburhús forn“. Greinargerð um Hæbrúndtshúss á Blönduósi*. Rvk. 1993.
 - 21 Margrét Hallgrímsdóttir: *Viðey. Fornleifarannsóknir 1989-1990. Áfangaskýrsla*. Rvk. 1993.
 - 22 Bjarni F. Einarsson: *Korpúlfsstaðir. Greinargerð um fornleifar í Suðurlvelli í Borgarholmi III*. Reykjavík. Rvk. 1993.
 - 23 Bjarni F. Einarsson: *Breiðholt. Greinargerð um fornleifar í Breiðholti*. Reykjavík. Rvk. 1993.
 - 24 Margrét Hallgrímsdóttir: *Viðey. Fornleifarannsóknir 1992. Áfangaskýrsla*. Rvk. 1993.
 - 25 Bjarni F. Einarsson: *Arnarhóll. Greinargerð um jarðsjárkönnun og fornleifar á Arnarhóli í Reykjavík*. Rvk. 1993.
 - 26 Nikulás Úlfar Másson, Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga. Stgr. 1.174.2. Laugavegur, Barónsstígur, Grettisgata og Vitastígur*. Rvk. 1993.
 - 27 Bjarni F. Einarsson: *Þingnes. Greinargerð varðandi ástand fornleifa á Þingnesi við Elliðavatn og fyrirhugaðar stívalfræmðarmúr þar*. Rvk. 1993.
 - 28 Hrefna Róbertsdóttir: *Adalstræti saga byggðar. Rannsóknarverkefni. Skýrsla 1993*. Rvk. 1993.
 - 29 Margrét Hallgrímsdóttir: *Húsakostur Viðeyjarklausturs. Um byggð í Viðey fram á 18. öld*. Rvk. 1993.
 - 30 Nikulás Úlfar Másson, Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga. Stgr. 1.131.0 og 2. 1.130.2 og Vesturgata í stgr. 1.135.0 og 1. 1.134.0. Vesturgata, Seljavegur, Nýlendingugata, Bakkastígur og Ægisgata*. Rvk. 1993.
 - 31 Skýr Survey 1993. A Report of Archeological Test Pits in Downtown Reykjavík. Rvk. 1993.
 - 32 Bjarni F. Einarsson og Þorgeir S. Helgason: *Jarðkönnun vegna viðbyggingar Hæstaréttar Íslands*. Rvk. 1994.
 - 33 Bjarni F. Einarsson: *Hæstaréttur. Leit að mannvistarlögum vegna byggingar Hæstaréttar*. Rvk. 1994.
 - 34 Nikulás Úlfar Másson, Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga. Stgr. 1.171.2. Skólavörðustígur, Bergstaðastræti, Hallveigarstígur, Þingastræti, Bankastræti*. Rvk. 1994.
 - 35 Bjarni F. Einarsson: *Arnarhóll. Greinargerð um jarðsjárkönnun og fornleifar á Arnarhóli í Reykjavík*. Rvk. 1993.
 - 36 Bjarni F. Einarsson: *Arnarhóll 1994. Þrúfuskurður í apríl*. Rvk. 1994.
 - 37 Arsskýrsla Arbæjarsafns 1993. Rvk. 1994.
 - 38 Margrét Hallgrímsdóttir: *Viðey. Fornleifarannsókn 1993*. Rvk. 1994.
 - 39 Þorgeir Einarsson: *Arnarhóll. Fornleifarannsókn 1993*. Rvk. 1994.
 - Nikulás Úlfar Másson og Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga. Stgr. 1.171.1. Hverfisgata, Klapparstígur, Laugavegur, Smíðustígur*. Rvk. 1994.
 - Bjarni F. Einarsson: *Ingólfstorg. Fornleifarannsókn þar sem fyrir var horn Adalstrætis og Austurstrætis*. Rvk. 1994.
 - Nikulás Úlfar Másson, Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga. Landakotsreits og nágrennis. Stgr. 1.137.2 og 1.160.1. Öldugata, Ægisgata, Tungata, Hólavallagata, Hávallagata, Hofsvallagata og Hrnarstígur*. Rvk. 1994.
 - Nikulás Úlfar Másson, Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga. Menntaskólareits. Stgr. 1.180.0. Bókhöfundstígur, Lækjargata, Amtmannsstígur og Þingholtsstræti*. Rvk. 1994.
 - Hrefna Róbertsdóttir: *Landsins forbetran*. Rvk. okt. 1994.
 - Nikulás Úlfar Másson, Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga. Alþingishússreits. Stgr. 1.141.1. Templarasund, Kirkjustræti, Tjarnargata, Vonarstræti*. Rvk. nóv. 1994.
 - Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur*. Rvk. maí 1995.
 - Steinnunn Kristjánsdóttir: *Heiðnar og helgar minjar í Viðey. Áfangaskýrsla Viðeyjarrannsóknna 1994*. Rvk. maí 1995.
 - Nikulás Úlfar Másson: *Byggingasaga. Hegningarhússreitur. Stgr. 1.171.4. Laugavegur. Vegamótastígur, Skólavörðustígur. Bergstaðastræti*. Rvk. okt. 1995.
 - Bjarni F. Einarsson: *Fornleifarannsókn í Adalstræti 12 árið 1993. Rannsóknarsaga, endurmat og landnám*. Rvk. des. 1995.
 - Brynhildur Ingvarsdóttir, Hrefna Róbertsdóttir: *Urður 1. Myndaskráningarkerfi í FileMaker Pro*. Rvk. des. 1995.
 - Bjarni F. Einarsson, Helgi M. Sigurðsson, Nikulás Úlfar Másson: *Borgarhluti 7 - Árbær. Byggingar og minjar*. Rvk. des. 1995.
 - Arsskýrsla 1994. Rvk. 1995.
 - Nikulás Úlfar Másson: *Miðbæjarskólinn - nútímaskóli*. Mars 1996.
 - Brynhildur Ingvarsdóttir og Hrefna Róbertsdóttir: *Urður 1.2. Myndskráningarkerfi í FileMaker Pro. Ágúst 1996*.
 - Sigríður Halldórsdóttir og Aslaug Sværisdóttir: *Jarðfundin höfuðföt úr Viðey í Kollafirði*. Rvk. 1996.
 - Steinnunn Kristjánsdóttir: *Viðey - trúarheimar mættast. Áfangaskýrsla 1995*. Rvk. 1996.
 - Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaefirtilt á lóð Hæstaréttar og Safnahúss*. Rvk. 1996.
 - Garðar Baldvinsson: *Völundarhús sjónlínanna: Reykjavík í ljósmyndum og ljóðum á tuttugustu öld*. Rvk. 1997.
 - Birna Gunnarsdóttir og Orri Vésteinnsson: *Meningarmínjar í Hengli og Grafningi norðan Úlfjótswats*. Rvk. 1997.
 - Orri Vésteinnsson: *Fornleifar í landi Nesjavalla og Ölfusvatns*. Rvk. 1997.
 - Anna Lís Guðmundsdóttir: *Minjavarsla í Reykjavík. Framkvæmdaefirtilt vegna fornleifa í Austurstræti frá Pósthússtræti að Lækjargötu*. Rvk. 1997.
 - Elin Ósk Hreiðarsdóttir og Ragnheiður Traustadóttir: *Fornleifar í Hvammí og Hvammvík í Kjós*. Rvk. 1998.
 - Margrét Hallgrímsdóttir: *Arsskýrsla 1996*. Rvk. 1998.
 - Mjöll Snæsadóttir: *Alþingishússreitur*. Rvk. 1998.
 - Margrét Hallgrímsdóttir: *Arsskýrsla 1997*. Rvk. 1998.
 - Nikulás Úlfar Másson: *Byggingasaga - Teigahverfi*. Rvk. 1998.
 - Anna Lís Guðmundsdóttir: *Minjavarsla í Reykjavík. Framkvæmdaefirtilt vegna fornleifa í grunni Stjórnarráðshússins*. Rvk. 1998.
 - Brynja Björk Birgisdóttir: *Maddama Ottesen og Dillon lávarður*. Rvk. 1998.
 - Nikulás Úlfar Másson: *Byggingasaga. Ölgerð Egils Skallagrímssonar við Njálsgötu*. Rvk. 1998.
 - Anna Lís Guðmundsdóttir og Sólveig Heiðberg: *Borgarhluti 8. Grafarvogur minjar og saga*.
 - Orri Vésteinnsson: *Fornleifar á afretri Ölfushrepps. Fornleifaskráning á Hengilssvæði III*. Rvk. 1998.
 - Nikulás Úlfar Másson og Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga Stjórnarráðsreita. Stgr. 1.150.1, 1.150.2 og 1.150.3. Ingólfsstræti, Klapparstígur, Lindargata, Skúlagata og Sólhvölgata*. Rvk. 1999.



STJÓRNARRÁÐSREITUR

.....
Hönnunarsamkeppni um skipulag
Dómnefndarálit
.....

.....
Nóvember 2018
Útboð nr. 20683
.....



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ



Forsætisráðuneytið, nóvember 2018
ISBN 978-9935-482-04-4

Verkkaupi: Forsætisráðuneytið

Umsjónaraðili: Framkvæmdasýsla ríkisins

Samstarfsaðili: Arkitektafélag Íslands og Félag íslenskra landslagsarkitekta

Hönnun og umbrot: Nielsen hönnunarstofa, nielsen.is

Prentun: Prentsmiðjan Oddi

EFNISYFIRLIT

Ávarp forsætisráðherra	4
Inngangur.....	5
Dómnefnd.....	7
Listi yfir tillögur	8
Samkeppnistillögur	9
1. verðlaun.....	10
2. verðlaun	14
3. verðlaun.....	18
Innkaup	22
Innkaup	24
Aðrar tillögur.....	26

ORÐSKÝRINGAR:

- FAÍ: Félagi í Arkitektafélagi Íslands
FÍLA: Félag íslenskra landslagsarkitekta
SFFÍ: Skipulagsfræðingafélag Íslands
MAA: Félagi í Arkitektafélagi Danmerkur (Medlem af Akademisk Arkitektforening)

ÁVARP RÁÐHERRA

Umhverfi hefur áhrif á það hvernig okkur líður á hverjum degi. Þegar við göngum um götur borgarinnar líður okkur líklega betur ef við mætum öðru fólki og erum ekki ein að berjast gegn einmanalegum vindstrengjum. Þegar við horfum út um gluggann skiptir það máli hvað við sjáum, þegar við förum á milli staða hefur umhverfið áhrif á það hvaða fararmáta við veljum. Þess vegna skiptir miklu máli að vanda til verka við allt skipulag, bæði í þéttbýli og dreifbýli, og tryggja að það sé manneskjulegt og í sátt við það sem fyrir er.

Alþingi samþykkti í október 2016 ályktun í tilefni aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands árið 2018 um að fela ríkisstjórn að efna til samkeppni um skipulag Stjórnarráðsreits og hönnun og útlit Stjórnarráðsbyggingar. Síðastliðið rúmt ár hefur forsætisráðuneytið unnið að framkvæmd ályktunarinnar sem var löngu tímabær þar sem ekki hefur legið fyrir uppbyggingaráætlun fyrir þetta svæði. Stjórnarráðsreiturinn er afar mikilvægur byggingarreitur í hjarta höfuðborgarinnar og því afar ánægjulegt að sjá hversu vel tókst til við samkeppnina.

Samkeppninni er nú lokið og hefur dómnefnd ákveðið hvaða tillögur hljóti verðlaun. Óskað var eftir hugmyndum um hvernig öllum ráðuneytum, að forsætisráðuneyti frátölu, dómstólum og tilteknum stofnunum ríkisins verði komið á Stjórnarráðsreit sem markast af Skúlagötu, Klapparstíg, Lindargötu og Ingólfsstræti.

Sú tillaga sem hlýtur 1. verðlaun verður nú lögð til grundvallar við stefnumörkun um framtíðarfyrirkomulag og uppbyggingu reitsins og gerð nýs deiliskipulags fyrir svæðið í samvinnu við Reykjavíkurborg.

Átta vel unnar tillögur bárust í samkeppnina. Hugað verður að umhverfisvænum samgöngum og vistvænum byggingum á reitnum, líkt og lögð var rík áhersla á í lýsingu samkeppninnar, og leitað framsýnna lausna í því efni sem mögulega gætu orðið fyrirmynd annarra slíkra verkefna á komandi árum. Með því að koma ráðuneytunum fyrir á sama stað í vistvænni og hagkvæmri byggingu skapast möguleikar á aukinni hagræðingu og samnýtingu rýma. Þá verður sveigjanleiki til að stækka og minnka rými hvers ráðuneytis eftir því hvernig verkaskiptingu verður háttað. Slík aukin tengsl ráðuneytanna munu hafa jákvæð áhrif á samstarf þeirra og samvinnu, til hagsbóta fyrir okkur öll.

Enn fremur mun markviss uppbygging á Stjórnarráðsreit bæta til muna aðstöðu ráðuneytanna, aðgengi almennings að þeim og um leið verða mikilvægt innlegg í vistvæna framtíð miðborgar Reykjavíkur. Ég vil þakka dómnefndinni fyrir það vandasama verk að velja bestu lausnina úr þeim frambærilegu tillögum sem bárust.

Katrín Jakobsdóttir.

INNGANGUR

Alls bárust átta tillögur í samkeppnina og voru þær allar teknar til dóms. Meginmarkmið dómnefndar voru eftirfarandi eins og fram kom í samkeppnislýsingu:

- **Heildarlausn**

Áhersla er lögð á raunhæfar og spennandi tillögur um heildarlausn á skipulagi á reitnum þannig að byggja megi upp á heildstæðan hátt framtíðarhúsnæði ráðuneyta, stofnana ríkisins og dómstóla m.a. með hagræðingu í huga.

- **Vandað skipulag**

Á reitnum verði aðlaðandi borgarumhverfi sem endurspeglir góða stjórnsýslu. Huga þarf að tengingu við umhverfisvænar samgöngur og mannlíf miðborgarinnar með aðgengilegum útisvæðum og þjónustu, svo sem veitingastöðum. Svæðið hafi jákvæða ímynd með góðu nærumhverfi fyrir almenning, starfsfólk og þá sem nýta sér þjónustu á reitnum.

- **Vistvænar lausnir**

Framtíðarlausnir í borgarumhverfi byggjast á því að nýta náttúruna til að efla vistfræðilegar lausnir í skipulagsgerð, hönnun og uppbyggingu í þéttbýli. Mannvirki á Stjórnarráðsreit eiga að vera í fararbroddi hvað varðar borgarvistfræði. Jafnframt hafa íslensk stjórnvöld þá stefnu að Ísland verði orðið kolefnishlutlaust samfélag ekki seinna en árið 2040. Keppendur eru hvattir til þess að íhuga áhrif uppbyggingar á samkeppnissvæðinu á vistkerfið og koma með lausnir í anda borgarvistfræði og blágrænna ofanvatnslausna í tillögum sínum.

- **Skapandi vinnuumhverfi**

Stjórnarráðið verði samhentur vinnustaður þar sem fólk hittist í sameiginlegu mótuneyti, fundarrýmum og fyrirlestrarsölum. Umhverfið bjóði upp á sveigjanleika í rýmum til að auðvelda tilfærslur og flutning verkefna á milli ráðuneyta og stuðli að samvinnu og samrekstri. Rými verði til að vinna að tímabundnum verkefnum fyrir teymi, vinnuhópa eða nefndir þvert á ráðuneyti og jafnvel með utanaðkomandi aðilum. Slíkt umhverfi ætti að hvetja til nýsköpunar og umbóta. Sama á við um aðrar stofnanir á reitnum.

Meginviðfangsefni samkeppninnar var að móta sannfærandi framtíðarsýn fyrir uppbyggingu Stjórnarráðsreitsins í miðborg Reykjavíkur en hann hefur um árabil liðið fyrir skort á markvissri uppbyggingu. Innkomnar tillögur eiga margt sameiginlegt. Þannig er t.d. í flestum þeirra gert ráð fyrir að húsnæði ráðuneytanna verði í norðvesturhorni Stjórnarráðsreitsins. Meirihluti höfunda velur einnig dómstólum stað í eða nálægt Arnarhvoli. Annað sem er sameiginlegt í mörgum tillögum er randbyggð (byggð sem myndar lokaða samfellu eftir ytra jaðri götueits) eins og reyndar gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir og einnig nýju torgi miðlægt á svæðinu. Nánari útfærsla er á hinn bóginn nokkuð mismunandi þegar kemur að ásýnd, götummyndum og útisvæðum. Flestir tillöguhöfundar gera ráð fyrir að byggingar sem fyrir eru á svæðinu standi áfram að frátöldum færanlegum kennslustofum við Listaháskóla Íslands.

Í samkeppnislýsingunni var lögð áhersla á og óskað eftir vistfræðilegum lausnum í skipulagsgerð og uppbyggingu og gert ráð fyrir að mannvirki á Stjórnarráðsreit verði í fararbroddi hvað varðar borgarvistfræði. Í öllum tillögum er fjallað um vistvæna þáttinn og m.a. vísað í blágrænar ofanvatnslausnir, lögð er áhersla á gangandi umferð, sjálfbærar samgöngur, orkusparnað og þakgarða án þess að það sé útfært nánar. Í öllum tillögum nema einni er gert ráð fyrir bílakjöllurum á svæðinu. Umfang þeirra er mismunandi og aðkoma að þeim misvel af hendi leyst.

Í flestum tillögum er komið vel til móts við áherslur dómnefndar en engin þeirra nær að svara þeim öllum. Eftir að hafa farið nokkrum sinnum yfir allar tillögurnar valdi dómnefndin fimm þeirra sem helst kæmu til greina í verðlaunasæti eða innkaup. Í framhaldinu voru svo þrjár tillögur valdar í verðlaunasæti. Dómnefnd var vandi á höndum því engin tillaga var gallalaus. Það sem vantaði upp á í einni tillögu var betur leyst í annarri. Hafa verður í huga að um hugmyndasamkeppni var að ræða og því ber ekki að gera kröfur um fullleystar tillögur heldur þurfa þær að byggja á sterkri hugmynd og vera vel fallnar til útfærslu. Niðurstaða dómnefndar er að með samkeppninni hafi tekist að sýna fram á hvernig best verði mörkuð stefna um skipulag Stjórnarráðsreits til framtíðar.

DÓMNEFND OG DÓMARASTÖRF

Samkeppnin, sem var framkvæmdasamkeppni, var haldin í samvinnu við Arkitektafélag Íslands. Umsjón með samkeppninni fyrir hönd verkkaupa hafði Framkvæmdasýsla ríkisins, en trúnaðarmaður keppinnar var starfsmaður Ríkiskaupa. Samkeppnin var öllum opin sem uppfylltu skilyrði samkeppnislýsingar. Hún var auglýst í dagblöðum og á vef Ríkiskaupa 14. apríl 2018. Auglýsing var einnig birt á EES svæðinu. Skilafrestur var 18. september 2018. Átta tillögur bárust og voru þær allar teknar til dóms. Formlegir fundir dómnefndar voru tuttugu og einn en auk þess unnu dómnefndarmenn mikið á milli funda.

Dómnefnd skipuðu eftirtaldir aðilar:

Tilnefndir af verkkaupa:

1. Stefán Thors, formaður dómnefndar, forsætisráðuneyti
2. Óðinn H. Jónsson, skrifstofustjóri, forsætisráðuneyti
3. Ágústa Sveinbjörnsdóttir, arkitekt, Reykjavíkurborg
4. Halldóra Vífilsdóttir, arkitekt FAÍ f.h. fjármála- og efnahagsráðuneytis

Tilnefndir af Arkitektafélagi Íslands:

5. Hildigunnur Haraldsdóttir, arkitekt FAÍ
6. Þórarinn Malmquist, arkitekt FAÍ

Tilnefndur af Félagi íslenskra landslagsarkitekta:

7. Ólafur Melsted, landslagsarkitekt

Ritari dómnefndar

Örn Baldursson, verkefnastjóri (arkitekt FAÍ), Framkvæmdasýslu ríkisins

Sérstakir ráðgjafar

Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri, forsætisráðuneyti

Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri, fjármála- og efnahagsráðuneyti

Guðrún Ragnarsdóttir, ráðgjafi

NIÐURSTAÐA DÓMNEFNDAR

Við val sitt lagði dómnefnd áherslu á góða heildarlausn og vandað skipulag, skapandi vinnuumhverfi og vistvænar lausnir. Lagt er til að þrjár tillögur hljóti verðlaun en þær svara að mati dómnefndar best væntingum sem fram koma í samkeppnislýsingu.

Dómnefnd leggur einnig til að fest verði kaup á tveimur tillögum. Þær tillögur sem hljóta viðurkenningu sýna með mismunandi hætti áhugaverðar lausnir eða atriði sem dómnefnd þykir rétt að vekja athygli á.

Niðurstaða dómnefndar er:

Dómnefnd

Vinningstillögur:

1. verðlaun, kr. 6.000.000 kr., tillaga nr. 7, auðkenni 37993
2. verðlaun, kr. 2.500.000 kr., tillaga nr. 4, auðkenni 31903
3. verðlaun, kr. 1.500.000 kr., tillaga nr. 1, auðkenni 04623

Innkeyptar tillögur:

- Innkaup, kr. 750.000 kr., tillaga nr. 2, auðkenni 26719
Innkaup, kr. 750.000 kr., tillaga nr. 5, auðkenni 10018


Stefán Thors, formaður, forsætisráðuneytið


Óðinn H. Jónsson, forsætisráðuneytið


Halldóra Vífilsdóttir, arkitekt


Ágústa Sveinbjörnsdóttir, arkitekt


Hildigunnur Haraldsdóttir, arkitekt


Þórarinn Malmquist, arkitekt


Ólafur Melsted, landslagsarkitekt

LISTI YFIR TILLÖGUR

Vinnunúmer dómnefndar, auðkennisnúmer tillögu, höfundur/-ar, verðlaun og viðurkenningar.

TILLÖGUR


Tillaga	1	04623	Úrbanistan, Teiknistofan Stika og Dronninga landskap	3. verðlaun
Tillaga	2	26719	Sei ehf	Innkaup
Tillaga	3	19119	Andersen og Sigurdsson Arkitektar	
Tillaga	4	31903	Nordic - Office of Architecture, SLA og EFLA	2. verðlaun
Tillaga	5	10018	ASK arkitektar ehf	Innkaup
Tillaga	6	32659	ARKÍS arkitektar ehf og Landslag ehf	
Tillaga	7	37993	T.ark Arkitektar ehf og SP(R)INT Studio	1. verðlaun
Tillaga	8	73064	Thor Architects	

SAMKEPPNISTILLÖGUR

UMSAGNIR DÓMNEFNDAR



Stjórnarráðsreitur. Tillaga nr. 7. Auðkenni 37993.



HÖFUNDAR:

T.ark Arkitektar ehf og SP(R)INT Studio

Hönnunarteymi

Karl Kvaran, arkitekt (FAÍ) og skipulagsfræðingur

Ivon Stefán Cilia, arkitekt, FAÍ

Sahar Ghaderi, arkitekt Ph.D

Sara Mortazavi, arkitekt

Ráðgjöf

Ásgeir Ásgeirsson, arkitekt MAA

Halldór Eiríksson, arkitekt, FAÍ

Ingunn Lilliendahl, arkitekt FAÍ

Aðstoðarfólk

Sara Rós Ellertsdóttir, arkitektanemi

Kristjana M. Einarsdóttir, arkitekt



Sæunn Ágústa Birgisdóttir, arkitekt

Landslagsráðgjöf


Hlín Sverrisdóttir, landslagsarkitekt FÍLA og skipulagsfræðingur SFFÍ

Umsögn dómnefndar


Meginhugmynd höfunda er að flétta saman og vinna með fjölbreytileika í húsagerðum frá Seðlabankanum og Austurhöfninni yfir að Skuggahverfinu og tengja þannig markvisst saman ný hús við uppbrotnar randbyggðir sem fyrir eru. Byggðin myndar fjóra reiti og fellur að mælikvarða byggðar sem fyrir er á svæðinu. Ráðuneyti eru staðsett í norð-vesturhorni Stjórnarráðsreitsins og er möguleiki á raunhæfri uppbyggingu og miklum sveigjanleika. Inngangur í ráðuneyti er á skjólgóðum stað frá Sölvhólgötu. Byggð er þéttust nyrst og vestast en fingerðari til suðurs og austurs. Stofnanir ríkisins eru mótaðar sem þjónustustofnanir og er ætlað að endurspegla látleysi og fágun. Aðaltorg liggur á gatnamótum á miðju svæðisins og náttúruás fléttar saman inngarða að torgi. Útsýnisás í framhaldi af Skuggasundi hliðrast þannig að hann er austan við hreinsistöð og endar í borgarlyftu og þrepum.




03 - MEGINÁSAR OG UPPSKIPTING BORGARRÝMIS




06 - GÖNGU- OG HJÓLALEIÐIR




09 - ÁFANGASKIPTING



05 - INNGANGAR (ADALINNGANGAR Í RAUDU)



08 - BÍLAGEYMSLUR OG FLÓTTALEIÐIR



10 - GRÖÐUR OG VATN, SKUGGAVARP OG VEDURFAR

Heildarlausn er skýr, raunhæf og látlaus og fellur vel að byggð sem fyrir er. Skipulag svæðisins er vandað með rólegu yfirbragði og vel leystum útsvæðum sem eru í góðum tengslum við byggingar. Göturými Sölvhólsgötu er hjarta tillögunnar og býr yfir gæðum vistgötu með Sölvhólstorg í öndvegi. Göngu- og hjólaleiðir kvíslast á milli bygginga og tengjast við áhugaverð útsvæði eins og Smiðjugarð. Ráðuneytareitur er vel leystur og gefur fyrirheit um sveigjanleika og gott vinnuumhverfi sem auðveldlega verður hægt að byggja upp í áföngum. Notkun bygginga á dómstólareit er ekki skýr en ljóst er að fleira rúmast á reitnum en dómstólar. Innkeyrsla í bílageymslu frá suðri er þvert á landhalla og þarfnast endurskoðunar. Landssmiðjuhúsi er gert hátt undir höfði með Smiðjugarði en útfærsla viðbyggingar styrkir ekki lausnina. Í tillögunni er skipulagi á skilgreindum Stjórnarráðsreit gerð góð skil, en efla má tengingar við aðliggjandi svæði og kennileiti.




Dómnefnd telur að höfundum tillögunnar hafi tekist vel að ná því markmiði sínu að framtíðarmynd Stjórnarráðsreitsins verði öruggt, aðgengilegt, fjölbreytt, skjólsælt og manneskjulegt umhverfi þar sem byggingar, götur og opin rými myndi sterka órofa heild í hjarta Reykjavíkur.



2. VERÐLAUN

Stjórnarráðsreitur. Tillaga 4. Auðkenni 31903.



HÖFUNDAR:

Nordic – Office of Architecture

Ólafur Finnsson

Diana Cruz

Knut Hovland

Hallgrímur Þór Sigurðsson

SLA

Victoria Batten

Louise Fill Hansen

EFLA

Jóhanna Helgadóttir


Bergþóra Kristinsdóttir

Umsögn dómnefndar

Alþingi, Stjórnarráðshúsið við Lækjargötu og Stjórnarráðsreitirinn munu að mati höfunda mynda skýran ás ríkisvaldsins í gegnum miðbæinn. Tillagan velur nýrri hárrí byggingu ráðuneyta stað við Arnarhól og setur þannig stjórnarsýslu landsins á stall. Þar vilja höfundar að byggingin skapi mynd þjóðar ásamt Safnahúsinu, Þjóðleikhúsinu, Hæstarétti og Arnarhvoli og endurspegli þannig söguvið stjórnarsýslu, laga og menningar. Skipulagssvæðinu er skipt upp í sex misstóra reiti. Reitirnir lagast að nálægri byggð og ríkjandi randskipulagi en bygging á ráðuneytisreitnum er stakstæð í takt við nágrennabyggingarnar. Tillagan tengir Stjórnarráðsreitinn vel við miðborgina og eru tengingar út fyrir samkeppnissvæðið vel útfærðar. Þannig eru sköpuð áhugaverð almenningssvæði með fjölbreyttum torgum og gönguleiðum. Stjórnarráðstorgið, menningartorgið og bæjartorgið liggja að ráðuneytisbyggingunni og tengist menningartorgið Þjóðleikhúsinu á skemmtilegan hátt. Haldið er í önnur sérkenni eins og sjónása. Smiðjustígurinn er lengdur til norðurs og þar með er sjónás tryggður bæði út á sundin og upp á Skólavörðustíg.




Styrkleiki tillögunnar felst í sterkri hugmynd þar sem afgerandi opinberar byggingar eru rammaðar inn af Arnarhóli og áhugaverðum almenningsrýmum með góðum göngutengingum, bæði innbyrðis á reitnum og við aðliggjandi svæði. Tillagan er framsækin og metnaðarfull og gefur fyrirheit um skapandi og skemmtilegt umhverfi. Áhugavert hefði verið að sjá þessa hugmynd aðlagða betur að núverandi byggð á reitnum án mikils niðurrifs sem gerir tillöguna óraunhæfa til uppbyggingar, kostnaðarsama og hún vinnur á móti umhverfissjónarmiðum. Einnig takmarkar útfærsla ráðuneyta í einni byggingu sveigjanleika í tíma og rými. Húsnæði fyrir dómstóla með viðbyggingu við Arnarhol er ekki sannfærandi og ekki séð að húsdýptin skili gæðum í innrymum. Tillagan er sterk og vel leyst að mörgu leyti, en er óraunhæf til útfærslu.




HIN FORMLEGI FLÖTUR FRAMLENGDUR



MENNINGARÁS




ALMENNINGSRÝMI OG
TENGINGAR



ÁS RÍKISVALDSINS





3. VERÐLAUN

Sölvhóll, rödd, minni og andardráttur lýðræðis. Tillaga 1. Auðkenni 04623.



ÚTIRÝMI KVÖLDS OG MORGNA



GANGANDI



AKANDI & ALMENNINGSAMGÖNGUR



HJÓLAUMFERÐ OG HJÓLAGEYMSLUR

HÖFUNDAR:

Úrbanistan

Anna María Bogadóttir, arkitekt

Teiknistofan Stika

Eva Huld Friðriksdóttir, arkitekt

Magnea Þóra Guðmundsdóttir, arkitekt



Dronninga landskap

Rainer Stange, landslagsarkitekt














Stine Svanemyr, landslagsarkitekt

Umsögn dómnefndar


Meginhugmynd tillögunnar felst í því að styrkja núverandi byggingar og borgarrými á svæðinu og tengja þau betur saman bæði innbyrðis og við nærumhverfið. Í tillögunni er leitast við að tengjast sögu skipulagssvæðisins. Nýtt miðlægt torg norðan Þjóðleikhússins vísar þannig meðal annars til Sölvhóls og Ásu bónda en einnig til hugmynda um forgarð Þjóðleikhússins. Ásutorg er kjarninn í framtíðarsýn tillögunnar um lifandi Sölvhól. Tillagan byggir á randbyggð þriggja reita, sem opnaðir eru á völdum stöðum og mynda sterk sjónræn tengsl við sjávarsíðuna og miðborgina og verða reitirnir aðgengilegir með nýjum almenningsrýmum. Byggðin er hæst sex hæðir á norðvesturhluta og lækkar til suðausturs að lágreistri íbúðarbyggð. Miðja svæðisins er Ásutorg, sem tengist umhverfinu í allar áttir og er jafnframt forgarður nýrrar ráðuneytisbyggingar sem er á norðvesturhluta svæðisins. Aðalinnangangur er í miðlægri tengibyggingu sem snýr að Ásutorgi og eru þar sameiginleg rými ráðuneyta sem tengjast öðrum byggingum, neðanjarðar og um brýr. Unnið er með nýjar sjónlínur í átt að hafi í framhaldi Smiðjustígs og frá Ásutorgi í gegnum ráðuneytisbyggingar. Dómstólum er komið fyrir á lokuðum reit vestan Ásutorgs en skrifstofum og þjónustu austan ráðuneyta við Skúlagötu og sunnan Sölvhóls götu.




Styrkur tillögunnar er hið miðlæga lifandi torg, Ásutorg, en frá því er aðkomuleið að ráðuneytum. Tillagan er skýr, aðgengileg og mjög vel unnin. Í henni eru margar lýsandi skýringarmyndir, sem gera tillögunni góð skil, en þrívíddarmyndir og ásýndir veikja tillögunna. Uppbrot nýbygginga er nokkuð sannfærandi og fellur vel að þeirri byggð sem fyrir er. Landsmiðjuhúsið við Sölvhóls götu fær sérstakan sess og nýtur sín vel. Í tillögunni er svæðinu skipt upp í skýra byggingarreiti, sem gera áfangaskiptingu auðveldu. Gott flæði er milli svæða um torg og göngugötur. Gönguleiðir tengjast vel aðliggjandi svæðum, s.s. Lýðveldisgarðinum og Arnarhóli. Þyrping ráðuneytisbygginga virkar stór. Sjónás í gegnum ráðuneytaþyrpingu hefur í för með sér að gera þarf ráð fyrir brúm á annarri eða þriðju hæð til að tengja húsnæði ráðuneytanna saman og dregur sú lausn verulega úr styrk tillögunnar.



eldri bygging
 ný bygging





INNKAUP Háborg við hafið. Tillaga 2. Auðkenni 26719.

HÖFUNDAR:

Sei ehf

Barbara Sopolinska
Einar Hlér Einarsson
Shruti Basappa

Ráðgjöf

Massimo Santanicchia

Umsögn dómnefndar

Meginhugmynd tillögunnar er að fylla upp í eyðurnar á Stjórnarráðsreitnum á skynsamlegan, sjálfbæran og áreynslulausan hátt að mati höfunda. Þeir gera ráð fyrir því að ráðuneyti séu í samfelldum byggingum, sem tengdar eru saman umhverfis torg sem byggt er yfir með glerhjúp. Húsin við Skúlagötu taka mið af byggð sem fyrir er við götuna. Byggðin nyrst og vestast er þéttust og hæst og myndar lokuð torg. Í suðausturhluta svæðisins er þessu öfugt farið. Dómstólum og öðrum ríkisstofnunum er komið fyrir sunnan Sölvhólgötu. Menningartengdri starfsemi, skrifstofum og verslunum er valinn staður austan Skuggasunds í stakstæðum byggingum. Á austasta hluta svæðisins, milli Smiðjustígs og Klapparstígs, verður blönduð starfsemi ásamt íbúðum. Nýir gönguásar eru skilgreindir með útsýni í átt að hafi. Skuggasundið er lengt og Smiðjustígur skilgreindur sem göngugata.



INNKAUP Sölvhólsreitur. Tillaga 5. Auðkenni 10018.

HÖFUNDAR:

ASK Arkitektar ehf

Þorsteinn Helgason, arkitekt FAÍ
Vilborg Guðjónsdóttir, arkitekt FAÍ
Andri Klausen, arkitekt FAÍ
Gunnar Örn Sigurðsson, arkitekt FAÍ
Páll Gunnlaugsson, arkitekt FAÍ

Verkfræðiráðgjöf


Verkís hf

Umsögn dómnefndar


Meginhugmynd tillöguhöfunda er að skapa framsækið vistvænt skipulag þar sem áhersla er lögð á gott aðgengi almennings um svæðið. Því er skipt upp í fjóra reiti þar sem ráðuneytisreiturinn í norðvesturhorni er byggður umhverfis garð með Sjávarútvegshúsið í öndvegi. Skuggasund er lengt niður að Skúlagötu og myndar um leið miðlægt torg sem verður hið nýja hjarta svæðisins og tengir alla reiti. Á torginu er aðalinnangangur í ráðuneyti en þar er einnig önnur lifandi starfsemi. Bílastæðahúsi er komið fyrir á horni Skúlagötu og Klapparstígs.



Lifandi starfsemi í augnhæð
Ofanvatn í opnum rásum



Græn svæði
Torg
Gönguleið opin
Gönguleið hægt að opna



Starfsemi



Meginhugmynd höfunda er einföld og sannfærandi að mörgu leyti. Nýbyggingar fylgja randbyggðarmynstri og laga sig vel að hæð og mælikvarða bygginga sem fyrir eru. Almenningsrými eru í inngörðum en eru frekar lokuð og óaðgengileg og ná því varla að hafa aðdráttarafli fyrir fólk á ferðinni. Nýju Sölvhólstorgi er vel valinn staður með útsýni í norður út á sjó og í suður. Aðkomuleiðir að torginu eru ekki nægjanlega aðlaðandi til styrkja það. Göturnar virðast ekki bjóða upp á rýmisleg gæði en ásýndir bygginga eru góðar, sérstaklega við Skúlagötu. Bílastæðahús og öll hugsun því tengdu er mjög áhugaverð og er útsýnispallur fyrir almenning skemmtileg hugmynd. Einnig er gerð skýr grein fyrir vistvænu skipulagi og gefur tillagan fyrirheit um raunverulegar ofanvatnslausnir.

AÐRAR TILLÖGUR

UMSAGNIR DÓMNEFNDAR





TILLAGA

Alls konar Reykjavík. Tillaga 3. Auðkenni 19119.

HÖFUNDAR:

ANDERSEN & SIGURDSSON ARKITEKTER

Ene Cordt Andersen, arkitekt MAA (höfundarréttur)

Pórhallur Sigurðsson, arkitekt MAA (höfundarréttur)

Laura Voinescu, arkitekt

Kim Bendsen, arkitekt

Ali Tabatabai, arkitekt

3D vinnsla

Fractal Mind

Aðstoð

Carsten E. Holgaard, arkitekt MAA

Steinar Sigurðsson, arkitekt FAÍ

Meginhugmyndin í tillögu höfunda er að byggingar verði ekki fyrirferðarmiklar, almennt lágreistar, standi þétt saman og myndi samhangandi skjólgóð og aðlaðandi rými milli þeirra. Lögð er áhersla á þrjá gönguása í norður og suður. Mælikvarði er smágerður. Í tillögunni er gert ráð fyrir að öllum ráðuneytum verði komið fyrir við Skúlagötu og þau tengd Sjávarútvegshúsinu. Annarri starfsemi er dreift um reitinn og lögð áhersla á nánd, lágreist mannvirki og aðlaðandi umhverfi. Höfundar tillögunnar telja ekki æskilegt að tengja jarðhæðir ráðuneyta um of við göngugötur þar sem skuggamyndun og norðanátt bjóða ekki upp á kjöraðstæður fyrir útirými. Öll ráðuneyti eru tengd neðanjarðar.

Nálgun höfunda gerir það að verkum að hvert ráðuneyti er í stakstæðu húsi og takmarkar það mjög svigrúm fyrir sveigjanleika, samstarf og samnýtingu ráðuneyta. Samtengingar ráðuneytanna neðanjarðar skapa ekki aðlaðandi umhverfi fyrir starfsfólk. Að mati dómnefndar falla nýbyggingar ekki vel að þeirri byggð sem fyrir er á svæðinu. Mælikvarði tillögunnar er að mati dómnefndar of einsleitur og starfsemi ráðuneyta of dreifð. Göngugötur þrjú eru skemmtilega útfærðar með vel útfærðum lausnum og eru þær helsti styrkleiki tillögunnar.




TILLAGA Vistvænn stjórnsýslukjarni við Lýðveldistorg. Tillaga 6. Auðkenni 32659.

HÖFUNDAR:

Arkís arkitektar ehf
Landslag ehf

Markmið höfunda tillögunnar er að skapa vistvæna heildarlausn aðlaðandi borgarumhverfis þar sem sannfærandi fyrirkomulag og skapandi vinnuumhverfi framtíðarhúsnæðis er mótað í vandaða skipulagsheild. Tillagan hverfist um nýtt Lýðveldistorg á miðjum Stjórnarráðsreit sem tengir saman aðliggjandi gróðursvæði og almenningsrými. Samkeppnissvæðinu er skipt í fjóra reiti þar sem ráðuneytum er ætlaður staður í norðvesturhorninu, dómstólum við Skuggasund, nálægt gamla Hæstaréttarhúsinu, og stofnunum á reitunum tveimur á austurhluta svæðisins.

Höfundar leggja upp með háleit markmið í texta um heildarlausn og vandað og aðlaðandi yfirbragð bygginga og göturýma. Markmiðin skila sér á hinn bóginn ekki á sannfærandi hátt. Meginstyrkur tillögunnar liggur í vistvænum áherslum. Í framsetningu tekst höfundum ekki að uppfylla hugmyndir sínar um rými milli húsa og keðju ólíkra útirýma.



TILLAGA Torf – torg. Tillaga 8. Auðkenni 73064.

HÖFUNDAR:

Thor Architects

Hönnunarstjórn

Guðjón Þór Erlendsson, arkitekt

Aðstoð

Ertunc Hunkar, arkitekt

Í tillögunni er leitast við að sameina byggingarform torfbæjanna og skipulag evrópskra borga með það að markmiði að finna séríslenska útfærslu í borgarskipulagi. Tillöguhöfundar leggja megináherslu á að fyrirkomulag bygginga verði reiknað út frá sólarljósi í inngarða og á hús og nálgast þannig hámarks byggingarmagn. Reitnum er skipt í tvo hluta, ofan og neðan Sölvhóls götu. Ráðuneytum er ætlaður staður við miðlægt torg neðan Sölvhóls götu í norðvesturhorni reitsins. Sameiginleg móttaka er fyrir öll ráðuneyti og sérstök bygging á horni Sölvhóls götu og Klapparstígs er ætluð fyrir aðföng. Dómstólar eru í næsta nágrenni við Hæstarétt Íslands og ýmsar aðrar stofnanir ríkisins dreifast um reitinn í bland við þjónustustarfsemi.

Skipulagshugmyndin byggir á forritun genetíks algóritma sem reiknar út form sem byggja á forsendum eftirvæntinga eins og höfundar lýsa hugmyndinni. Sérstök nálgun höfunda og tenging við íslenskan byggingararf nær hins vegar ekki að skila sér í sannfærandi skipulagi og sólríkum svæðum. Niðurrif er mikið og nýbyggingar falla ekki vel að þeirri byggð sem fyrir er. Breidd húsa er ekki mikil gefur það því möguleika á náttúrulegri loftræsingu. Göngutenging um norðvesturreit svæðisins í átt að Arnarhóli er áhugaverð.

